

Tilbrigði

í íslenskri setningagerð

II. Helstu niðurstöður

Tölfræðilegt yfirlit

Ritstjórar

Höskuldur Þráinsson,
Ásgrímur Angantýsson, Einar Freyr Sigurðsson

Aðrir höfundar

Ásta Svavarsdóttir, Eiríkur Rögnvaldsson,
Guðrún Þórðardóttir, Heimir Freyr Viðarsson, Hlíf Árnadóttir,
Jóhannes Gísli Jónsson, Matthew J. Whelpton, †Salbjörg Óskarsdóttir,
Sigríður Sigurjónsdóttir, Sigrún Steingrímsdóttir, Tania E. Strahan,
Theódóra A. Torfadóttir, Þórhallur Eyþórsson, Þórunn Blöndal

Málvísindastofnun Háskóla Íslands
Reykjavík 2015

Tilbrigði í íslenskri setningagerð II

Útgefandi: Málvísindastofnun Háskóla Íslands
www.malvis.hi.is

©2015 Málvísindastofnun Háskóla Íslands

Dreifing: Háskólaútgáfan (Distribution: University of Iceland Press)
Dunhaga 18, IS-107 Reykjavík, ICELAND
<http://haskolautgafan.hi.is/>, hu@hi.is

Öll réttindi áskilin.

Bók þessa má ekki afrita með neinum hætti,
svo sem ljósmyndun, prentun, hljóðritun
eða á annan sambærilegan hátt, að hluta
eða í heild, án skriflegs leyfis
Málvísindastofnunar Háskóla Íslands.

Tölvuvinnsla: Höskuldur Þráinsson
Kápa: Margrét Lára Höskuldsdóttir
Prentun: Litlaprent
www.prent.is

ISBN: 978-9979-853-52-7

Listi yfir höfunda efnis eins og hann birtist í I. bindi:

Höfundar efnis

(hér er í aðalatriðum miðað við þau störf eða stöðu sem höfundar höfðu meðan á rannsókninni stóð, en upplýsingar og netföng hafa sums staðar verið uppfærð)

Ásgrímur Angantýsson, doktorsnemi, Íslensku- og menningardeild, Háskóla Íslands, nú lektor við Háskólann á Akureyri: *asgrimur@unak.is*

Ásta Svavarsdóttir, rannsóknardósent, Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum: *asta@hi.is*

Einar Freyr Sigurðsson, meistaranemi, Íslensku- og menningardeild, Háskóla Íslands, nú doktorsnemi við Univ. of Pennsylvania: *einarsig@babel.ling.upenn.edu*

Eiríkur Rögnvaldsson, prófessor, Íslensku- og menningardeild, Háskóla Íslands: *eirikur@hi.is*

Guðrún Þórðardóttir, meistaranemi, Íslensku- og menningardeild, Háskóla Íslands: *gudrut@ismennt.is*

Heimir Freyr Viðarsson, meistaranemi, Íslensku- og menningardeild, Háskóla Íslands, nú doktorsnemi í sömu deild: *hfv3@hi.is*

Hlíf Árnadóttir, meistaranemi, Íslensku- og menningardeild, Háskóla Íslands: *hlifa@hi.is*

Höskuldur Þráinsson, prófessor, Íslensku- og menningardeild, Háskóla Íslands: *hoski@hi.is*

Jóhannes Gisli Jónsson, aðjunkt, Íslensku- og menningardeild, Háskóla Íslands: *jj@hi.is*

Matthew J. Whelpton, dósent, Deild erlendra tungumála, bókmennta og málvísinda, Háskóla Íslands: *whelpton@hi.is*

†**Salbjörg Óskarsdóttir**, BA-nemi, Íslensku- og menningardeild, Háskóla Íslands (Salbjörg lést áður en rannsóknarverkefningin lauk)

Sigríður Sigurjónsdóttir, prófessor, Íslensku- og menningardeild, Háskóla Íslands: *siggasig@hi.is*

Sigrún Steingrímsdóttir, meistaranemi, Íslensku- og menningardeild, Háskóla Íslands, nú kennari við Kvenmaskólann í Reykjavík: *sigrumst@kvenmo.is*

Tania E. Strahan, nýdoktor, Málvísindastofnun Háskóla Íslands, nú starfsmaður Appen Butler Hill, Sydney: *tania.strahan@gmail.com*

Theódóra A. Torfadóttir, doktorsnemi, Íslensku- og menningardeild, Háskóla Íslands: *tat@hi.is*

Þórhallur Eypórsson, sérfræðingur, Málvísindastofnun Háskóla Íslands, nú dósent, Deild erlendra tungumála, bókmennta og málvísinda, Háskóla Íslands: *tolli@hi.is*

Þórunn Blöndal, dósent, Kennaradeild, Menntavísindasviði Háskóla Íslands: *thorumb@hi.is*

Efnisyfirlit

II. Helstu niðurstöður – Tölfræðilegt yfirlit

Inngangur að II. bindi	
Hvað er í þessu bindi?	13
Hvaða gagn má hafa af tölfræðilega yfirlitinu?	13
Hvernig er vísað í einstakar kannanir og dæmi?	14
Summary	14
6. Um tölfræðiyfirlitið (Höskuldur Þráinsson, Einar Freyr Sigurðsson)	
6.0 Inngangur	15
6.1 Gagnavinnslan	15
6.2 Nokkur tölfræðihugtök og notkun þeirra í bókinni	20
6.3 Vixlverkun breyta	23
6.4 Frekari dæmi um framsetningu á niðurstöðum	24
6.4.1 <i>Að skilgreina nýjar breytur og reikna meðaltal</i>	24
6.4.2 <i>Að búa til súlurit og línurit</i>	29
6.5 Lokaorð	32
Rit sem vísað er til í þessum kafla	32
Summary	32
7. Fallmörkun (Höskuldur Þráinsson, Þórhallur Eyþórsson, Ásta Svavarsdóttir, Þórunn Blöndal)	
7.1 Athugunarefnið	33
7.1.1 <i>Þágufallshneigð</i>	33
7.1.2 <i>Nefnifallshneigð</i>	34
7.1.3 <i>Andlagsfall</i>	35
7.1.4 <i>Fallglötun og fallflutningur</i>	37
7.2 Þágufallshneigð	38
7.2.1 <i>Almennt yfirlit</i>	38
7.2.2 <i>Tengsl við aldur, menntun og kyn</i>	42
7.2.2.1 Aldur	42
7.2.2.2 Menntun	45
7.2.2.3 Kyn	48
7.2.3 <i>Tengsl við búsetu</i>	49
7.2.4 <i>Samantekt</i>	51
7.3 Nefnifallshneigð	52
7.3.1 <i>Almennt yfirlit</i>	52
7.3.2 <i>Tengsl við aldur, menntun og kyn</i>	53
7.3.2.1 Aldur	53
7.3.2.2 Menntun	54
7.3.2.3 Kyn	55
7.3.3 <i>Tengsl við búsetu</i>	55
7.3.4 <i>Samantekt</i>	56
7.4 Andlagsfall	57
7.4.1 <i>Almennt yfirlit</i>	57
7.4.2 <i>Tengsl við aldur, menntun og kyn</i>	59
7.4.2.1 Aldur	59
7.4.2.2 Menntun	62
7.4.2.3 Kyn	63
7.4.3 <i>Tengsl við búsetu</i>	65
7.4.4 <i>Samantekt</i>	67

7.5	Fallglötun og fallflutningur	68
7.5.1	<i>Almennt yfirlit</i>	68
7.5.2	<i>Tengsl við aldur, menntun og kyn</i>	69
7.5.2.1	Aldur	69
7.5.2.2	Menntun	70
7.5.2.3	Kyn	71
7.5.3	<i>Tengsl við búsetu</i>	71
7.5.4	<i>Samantekt</i>	72
7.6	Lokaorð	72
	Rit sem vísað er til í þessum kafla	73
	Summary	75
8.	Um þolmynd, germynd og það (Höskuldur Þráinsson, Sigríður Sigurjónsdóttir, Hlíf Árnadóttir, Þórhallur Eyþórsson)	
8.1	Athugunarefnið	77
8.1.0	<i>Imgangur</i>	77
8.1.1	<i>Leppsetningar og skyld dæmi</i>	78
8.1.2	<i>Hefðbundin þolmynd og þolmörk hennar</i>	80
8.1.3	<i>Nýja þolmyndin</i>	82
8.2	Leppsetningar og skyld dæmi	84
8.2.1	<i>Almennt yfirlit</i>	84
8.2.2	<i>Tengsl við aldur, menntun og kyn</i>	86
8.2.2.1	Aldur	86
8.2.2.2	Menntun	87
8.2.2.3	Kyn	89
8.2.3	<i>Tengsl við búsetu</i>	90
8.2.4	<i>Samantekt</i>	90
8.3	Hefðbundin þolmynd og þolmörk hennar	91
8.3.1	<i>Almennt yfirlit</i>	91
8.3.2	<i>Tengsl við aldur, menntun og kyn</i>	93
8.3.2.1	Aldur	93
8.3.2.2	Menntun	94
8.3.2.3	Kyn	96
8.3.3	<i>Tengsl við búsetu</i>	97
8.3.4	<i>Samantekt</i>	99
8.4	Nýja þolmyndin	99
8.4.1	<i>Almennt yfirlit</i>	99
8.4.2	<i>Tengsl við aldur, menntun og kyn</i>	102
8.4.2.1	Aldur	102
8.4.2.2	Menntun	106
8.4.2.3	Kyn	108
8.4.3	<i>Tengsl við búsetu</i>	110
8.4.4	<i>Samantekt</i>	115
8.5	Lokaorð	116
	Rit sem vísað er til í þessum kafla	117
	Summary	118
9.	Um vera að og vera búinn að (Höskuldur Þráinsson, Theódóra A. Torfadóttir)	
9.1	Athugunarefnið	121
9.1.0	<i>Imgangur</i>	121
9.1.1	<i>Vera að í íþróttamáli</i>	123
9.1.2	<i>Útvíkkun framvinduhorfs</i>	124

9.1.3	Vera búinn að og hafa	126
9.2	Vera að í íþróttamáli	126
9.2.1	Almennt yfirlit	126
9.2.2	Tengsl við aldur, menntun og kyn	128
9.2.2.1	Aldur	128
9.2.2.2	Menntun	130
9.2.2.3	Kyn	131
9.2.3	Tengsl við búsetu	132
9.2.4	Samantekt	133
9.3	Útvíkkun framvinduhorfs	133
9.3.1	Almennt yfirlit	133
9.3.2	Tengsl við aldur, menntun og kyn	137
9.3.2.1	Aldur	137
9.3.2.2	Menntun	141
9.3.2.3	Kyn	142
9.3.3	Tengsl við búsetu	144
9.3.4	Samantekt	146
9.4	Um vera búinn að og hafa	147
9.4.1	Almennt yfirlit	147
9.4.2	Tengsl við aldur, menntun og kyn	147
9.4.2.1	Aldur	147
9.4.2.2	Menntun	148
9.4.2.3	Kyn	149
9.4.3	Tengsl við búsetu	149
9.4.4	Samantekt	150
9.5	Lokaorð	151
	Rit sem vísað er til í þessum kafla	151
	Summary	152
10.	Fornöfn (Höskuldur Þráinsson, Tania E. Strahan)	
10.1	Athugunarefni	155
10.1.0	Imngangur	155
10.1.1	Persónufornöfn og afturbeygð fornöfn í ósamsettum málsgreinum	156
10.1.2	Langdræg afturbeyging	158
10.2	Almennt yfirlit	160
10.2.1	Persónufornöfn og afturbeygð fornöfn í ósamsettum málsgreinum	160
10.2.2	Langdræg afturbeyging	163
10.2.3	Samantekt	164
10.3	Tengsl við aldur, menntun og kyn	165
10.3.1	Aldur	165
10.3.2	Menntun	169
10.3.3	Kyn	170
10.3.4	Samantekt	171
10.4	Tengsl við búsetu	172
10.5	Lokaorð	173
	Rit sem vísað er til í þessum kafla	174
	Summary	175
11.	Hættir og tíðir (Höskuldur Þráinsson, Guðrún Þórðardóttir)	
11.1	Athugunarefni	177
11.1.0	Imngangur	177

11.1.1	<i>Viðtengingarháttur og framsöguháttur í fallsetningum</i>	179
11.1.2	<i>Viðtengingarháttur og framsöguháttur í atvikssetningum</i>	180
11.1.3	<i>Tíðasamræmi</i>	181
11.2	Almennt yfirlit	182
11.2.1	<i>Viðtengingarháttur og framsöguháttur í fallsetningum</i>	182
11.2.2	<i>Viðtengingarháttur og framsöguháttur í atvikssetningum</i>	184
11.2.3	<i>Tíðasamræmi</i>	188
11.2.4	<i>Samantekt</i>	189
11.3	Tengsl við aldur, menntun og kyn	190
11.3.1	<i>Aldur</i>	190
11.3.2	<i>Menntun</i>	193
11.3.3	<i>Kyn</i>	195
11.3.4	<i>Samantekt</i>	196
11.4	Tengsl við búsetu	197
11.5	Lokaorð	199
	Rit sem vísað er til í þessum kafla	199
	Summary	200
12.	Samræmi (Höskuldur Þráinsson, Einar Freyr Sigurðsson, Jóhannes Gísli Jónsson)	
12.1	Athugunarefni	203
12.1.0	<i>Inngangur</i>	203
12.1.1	<i>Samræmi við nefnifallsandlag</i>	203
12.1.2	<i>Samræmi við nefnifall í nafnháttarsambandi eða smáklausu</i>	205
12.1.3	<i>Samræmi við hlutaeignarfall</i>	207
12.1.4	<i>Samræmismörk: Hljómsveitir, lið og samlagning</i>	208
12.2	Samræmi við nefnifallsandlag	209
12.2.1	<i>Almennt yfirlit</i>	209
12.2.2	<i>Tengsl við aldur, menntun og kyn</i>	211
	12.2.2.1 Aldur	211
	12.2.2.2 Menntun	213
	12.2.2.3 Kyn	214
12.2.3	<i>Tengsl við búsetu</i>	215
12.2.4	<i>Samantekt</i>	215
12.3	Samræmi við nefnifall í nafnháttarsambandi eða smáklausu	216
12.3.1	<i>Almennt yfirlit</i>	216
12.3.2	<i>Tengsl við aldur, menntun og kyn</i>	218
	12.3.2.1 Aldur	218
	12.3.2.2 Menntun	218
	12.3.2.3 Kyn	219
12.3.3	<i>Tengsl við búsetu</i>	220
12.3.4	<i>Samantekt</i>	220
12.4	Samræmi við hlutaeignarfall	221
12.4.1	<i>Almennt yfirlit</i>	221
12.4.2	<i>Tengsl við aldur, menntun og kyn</i>	222
	12.4.2.1 Aldur	222
	12.4.2.2 Menntun	222
	12.4.2.3 Kyn	223
12.4.3	<i>Tengsl við búsetu</i>	223
12.4.4	<i>Samantekt</i>	224

12.5 Samræmismörk	225
12.5.1 <i>Almennt yfirlit</i>	225
12.5.2 <i>Tengsl við aldur, menntun og kyn</i>	225
12.5.2.1 Aldur	225
12.5.2.2 Menntun	226
12.5.2.3 Kyn	227
12.5.3 <i>Tengsl við búsetu</i>	227
12.5.4 <i>Samantekt</i>	228
12.6 Lokaorð	228
Rit sem vísað er til í þessum kafla	229
Summary	230
13. Eignarsambönd (Höskuldur Þráinsson, Einar Freyr Sigurðsson, Eiríkur Rögnvaldsson)	
13.1 Athugunarefni	233
13.1.1 <i>Staða eignarfor nafns og eignarfalls</i>	233
13.1.2 <i>Samspil greinis, eignarfor nafns og eignarfalls</i>	234
13.1.3 <i>Ólafsfjarðareignarfallið</i>	236
13.1.4 <i>Hjá-liðir og aðrir forsetningarliðir í eignarmerkingu</i>	237
13.1.5 <i>Eignarfall persónufornafns og eignarfor nafn í tengdum liðum</i>	239
13.2 Staða eignarfor nafns og eignarfalls	239
13.2.1 <i>Almennt yfirlit</i>	239
13.2.2 <i>Tengsl við aldur, menntun og kyn</i>	240
13.2.2.1 Aldur	240
13.2.2.2 Menntun	241
13.2.2.3 Kyn	241
13.2.3 <i>Tengsl við búsetu</i>	241
13.2.4 <i>Samantekt</i>	242
13.3 Samspil greinis, eignarfor nafns og eignarfalls	242
13.3.1 <i>Almennt yfirlit</i>	242
13.3.2 <i>Tengsl við aldur, menntun og kyn</i>	244
13.3.2.1 Aldur	244
13.3.2.2 Menntun	247
13.3.2.3 Kyn	249
13.3.3 <i>Tengsl við búsetu</i>	250
13.3.4 <i>Samantekt</i>	253
13.4 Ólafsfjarðareignarfallið	253
13.4.1 <i>Almennt yfirlit</i>	253
13.4.2 <i>Tengsl við aldur, menntun og kyn</i>	253
13.4.2.1 Aldur	253
13.4.2.2 Menntun	254
13.4.2.3 Kyn	255
13.4.3 <i>Tengsl við búsetu</i>	256
13.4.4 <i>Samantekt</i>	258
13.5 Hjá-liðir og aðrir forsetningarliðir í eignarmerkingu	259
13.5.1 <i>Almennt yfirlit</i>	259
13.5.2 <i>Tengsl við aldur, menntun og kyn</i>	260
13.5.2.1 Aldur	260
13.5.2.2 Menntun	263
13.5.2.3 Kyn	264
13.5.3 <i>Tengsl við búsetu</i>	265
13.5.4 <i>Samantekt</i>	266

13.6 Eignarfall persónufornafns og eignarforanafn í tengdum liðum	267
13.6.1 <i>Almennt yfirlit</i>	267
13.6.2 <i>Tengsl við aldur, menntun og kyn</i>	267
13.6.2.1 Aldur	267
13.6.2.2 Menntun	268
13.6.2.3 Kyn	269
13.6.3 <i>Tengsl við búsetu</i>	270
13.6.4 <i>Samantekt</i>	270
13.7 Lokaorð	271
Rit sem vísað er til í þessum kafla	271
Summary	272
14. Kjarnafærsla, stílfærsla, leppsetningar og frumlagseyða (Höskuldur Þráinsson, Ásgrímur Angantýsson, Heimir Freyr Viðarsson)	
14.1 Athugunarefni	275
14.1.0 <i>Inngangur</i>	275
14.1.1 <i>Kjarnafærsla í aukasetningum</i>	276
14.1.2 <i>Stílfærsla</i>	278
14.1.3 <i>Leppinnskot</i>	278
14.1.4 <i>Frumlagseyða</i>	279
14.2 Almenn yfirlit	280
14.2.1 <i>Kjarnafærsla í aukasetningum</i>	280
14.2.2 <i>Stílfærsla</i>	282
14.2.3 <i>Leppinnskot</i>	282
14.2.4 <i>Frumlagseyða</i>	283
14.2.5 <i>Samantekt</i>	283
14.3 Tengsl við aldur, menntun og kyn	284
14.3.1 <i>Aldur</i>	284
14.3.2 <i>Menntun</i>	288
14.3.3 <i>Kyn</i>	290
14.3.4 <i>Samantekt</i>	291
14.4 Tengsl við búsetu	292
14.5 Lokaorð	294
Rit sem vísað er til í þessum kafla	295
Summary	296
15. Orðaröð í aukasetningum (Höskuldur Þráinsson, Ásgrímur Angantýsson)	
15.1 Athugunarefni	299
15.1.1 <i>Gerðir aukasetninga og aukatengingar</i>	299
15.1.2 <i>S2 og S3 í ýmsum gerðum aukasetninga</i>	300
15.1.3 <i>Innskots-að og staða sagnar</i>	302
15.1.4 <i>S2 og S3 í nafnháttarsamböndum</i>	303
15.2 Brottfall og innskot tengingar	303
15.2.1 <i>Almennt yfirlit</i>	303
15.2.2 <i>Tengsl við aldur, menntun og kyn</i>	305
15.2.2.1 Aldur	305
15.2.2.2 Menntun	305
15.2.2.3 Kyn	306
15.2.3 <i>Tengsl við búsetu</i>	307
15.2.4 <i>Samantekt</i>	308
15.3 S2 og S3 í ýmsum gerðum aukasetninga	308
15.3.1 <i>Almennt yfirlit</i>	308

15.3.2	<i>Tengsl við aldur, menntun og kyn</i>	313
15.3.2.1	Aldur	313
15.3.2.2	Menntun	315
15.3.2.3	Kyn	316
15.3.3	<i>Tengsl við búsetu</i>	317
15.3.4	<i>Samantekt</i>	319
15.4	Innskots-að og staða sagnar	319
15.4.1	<i>Almennt yfirlit</i>	319
15.4.2	<i>Tengsl við aldur, menntun og kyn</i>	321
15.4.2.1	Aldur	321
15.4.2.2	Menntun	322
15.4.2.3	Kyn	323
15.4.3	<i>Tengsl við búsetu</i>	323
15.4.4	<i>Samantekt</i>	325
15.5	S2, S3 og þolfall með nafnhætti	325
15.5.1	<i>Almennt yfirlit</i>	325
15.5.2	<i>Tengsl við aldur, menntun og kyn</i>	326
15.5.2.1	Aldur	326
15.5.2.2	Menntun	326
15.5.2.3	Kyn	326
15.5.3	<i>Tengsl við búsetu</i>	327
15.5.4	<i>Samantekt</i>	327
15.6	Lokaorð	327
	Rit sem vísað er til í þessum kafla	328
	Summary	329
16. Ýmislegt	(Höskuldur Bráinsson, Matthew J. Whelpton, Jóhannes Gísli Jónsson)	
16.1	Athugunarefni	331
16.1.1	<i>Útkomuumsagnir</i>	331
16.1.2	<i>Lyfting út úr nafnhætti með lýsingarorði</i>	333
16.1.3	<i>Ósögð aukafallsfrumlög</i>	334
16.1.4	<i>Staða agna</i>	335
16.1.5	<i>Tvöföldun forsetinga, strand og lokkun</i>	336
16.1.6	<i>Ýmis atriði tengd formöfnum og töluorðum</i>	337
16.2	Útkomuumsagnir	338
16.2.1	<i>Almennt yfirlit</i>	338
16.2.2	<i>Tengsl við aldur, menntun og kyn</i>	340
16.2.2.1	Aldur	340
16.2.2.2	Menntun	341
16.2.2.3	Kyn	342
16.2.3	<i>Tengsl við búsetu</i>	343
16.2.4	<i>Samantekt</i>	343
16.3	Lyfting út úr nafnhætti með lýsingarorði	344
16.3.1	<i>Almennt yfirlit</i>	344
16.3.2	<i>Tengsl við aldur, menntun og kyn</i>	344
16.3.2.1	Aldur	344
16.3.2.2	Menntun	345
16.3.2.3	Kyn	346
16.3.3	<i>Tengsl við búsetu</i>	346
16.3.4	<i>Samantekt</i>	346
16.4	Ósögð aukafallsfrumlög	347
16.4.1	<i>Almennt yfirlit</i>	347

16.4.2	<i>Tengsl við aldur, menntun og kyn</i>	347
16.4.2.1	Aldur	347
16.4.2.2	Menntun	348
16.4.2.3	Kyn	349
16.4.3	<i>Tengsl við búsetu</i>	349
16.4.4	<i>Samantekt</i>	349
16.5	Staða agna	350
16.5.1	<i>Almennt yfirlit</i>	350
16.5.2	<i>Tengsl við aldur, menntun og kyn</i>	350
16.5.2.1	Aldur	350
16.5.2.2	Menntun	351
16.5.2.3	Kyn	351
16.5.3	<i>Tengsl við búsetu</i>	352
16.5.4	<i>Samantekt</i>	352
16.6	Tvöföldun forsetninga, strand og lokkun	352
16.6.1	<i>Almennt yfirlit</i>	352
16.6.2	<i>Tengsl við aldur, menntun og kyn</i>	353
16.6.2.1	Aldur	353
16.6.2.2	Menntun	354
16.6.2.3	Kyn	355
16.6.3	<i>Tengsl við búsetu</i>	355
16.6.4	<i>Samantekt</i>	356
16.7	Ýmis atriði tengd fornöfnum og töluorðum	356
16.7.1	<i>Almennt yfirlit</i>	356
16.7.2	<i>Tengsl við aldur, menntun og kyn</i>	358
16.7.2.1	Aldur	358
16.7.2.2	Menntun	359
16.7.2.3	Kyn	360
16.7.3	<i>Tengsl við búsetu</i>	360
16.7.4	<i>Samantekt</i>	361
16.8	Lokaorð	362
	Rit sem vísað er til í þessum kafla	363
	Summary	364

11. Hættir og tíðir

Höskuldur Þráinsson, Guðrún Þórðardóttir

11.1 Athugunarefnið

11.1.0 Inngangur

Í þessum kafla er fjallað um tvö skyld atriði. Þ að fyrra varðar verkaskiptingu framsöguháttar og viðtengingarháttar í aukasetningum, það síðara svokallað tíðasamræmi milli móðursetningar og dóttursetningar. Þetta er best að skýra með dæmum.

Í fallsetningum (skýringarsetningum og spurnarsetningum) fer val háttarins á persónubeygðu sögninni að verulegu leyti eftir því hver sögnin í móðursetningunni er (sjá t.d. Höskuld Þráinsson 2005:459 o.áfr., sbr. líka Kristján Árnason 1981, Halldór Ármann Sigurðsson 1990). Þetta virðist tiltölulega einfalt og augljóst þegar skýringarsetningar eiga í hlut eins og í eftirfarandi dæmum (hér miðast dómur við máltilfinningu höfundar og það sem segir í handbókum):

- (11.1) a. Ég **held** að tvisvar tveir ***eru/séu** fjórir.
b. Ég **veit** að tvisvar tveir **eru/*séu** fjórir.

Hér er notaður viðtengingarháttur á eftir álitssögninni *halda* í (11.1a) en framsöguháttur á eftir staðreyndasögninni *vita* í (11.1b) og við töldum þetta almennt mál áður en við gerðum Tilbrigðakönnunina. Þó höfðu heyrst raddir um að viðtengingarháttur væri að hverfa svo okkur þótti ómaksins vert að kanna hvort einhverjir gætu notað framsöguhátt í skýringarsetningum á eftir *halda* eða svipuðum sögnum, t.d. *eru* í stað *séu* í dæmum eins og (11.1a).¹ Við töldum hins vegar líkur á að meiri tilbrigði væri að finna í háttanotkun í spurnaraukasetningum, enda er málið flóknara þar (sjá t.d. Kristján Árnason 1981, Höskuld Þráinsson 2005:465 o.áfr., Guðrúnu Þórðardóttur 2006, 2012, sbr. líka Höskuld Þráinsson o.fl. 2013). Við áttum því von á að margir gætu ýmist notað framsöguhátt eða viðtengingarhátt á eftir sögninni *spyrja* í dæmum af eftirfarandi gerð þótt viðtengingarháttur hafi yfirleitt verið talinn venjulegt mál í slíkum samböndum:

- (11.2) Hann **spurði** hvort Jón **var/væri** heima.

Þetta var kannað með allmörgum dæmum (sjá kafla 11.1.1).

Í atvikssetningum er það hins vegar yfirleitt atvikstengingin sjálf sem ræður því hvort eðlilegt er að nota framsöguhátt eða viðtengingarhátt í setningunni (sjá t.d. Höskuld Þráinsson 2005:157, 468 o.v.). Þetta sést t.d. í eftirfarandi dæmum:

- (11.3) a. Ég fer þegar þú **kemur/*komir**.
b. Ég fer **nema** þú ***kemur/komir**.

¹ Í þessu sambandi er vert að nefna að viðtengingarháttur var ekki alltaf notaður í fornu máli í skýringarsetningum þar sem hann hefur verið ríkjandi í síðari alda máli, sbr. dæmi eins og þessi (sjá líka Jakob Jóh. Smára 1920:219, 221 o.v., Eirík Rögnvaldsson 2005:609):

(i) Þór ... sagði að þá **var** mið nótt og enn **væri** mál að sofa (*Snorra Edda* 1996:57–58).

Ýmsar vísbendingar höfðu þó komið fram um að hér kynni að vera komið eitthvert los á málið, ýmist á þann veg að sumir notuðu framsöguhátt þar sem viðtengingarháttar væri að vænta eða þá öfugt. Í því sambandi var stundum bent á dæmi á borð við þessi (sjá líka Guðrínu Þórðardóttur 2006:58 o.v.):

- (11.4) a. Hann hélt áfram **þótt** hann **var/væri** þreyttur.
b. Hvað á ég að kaupa **ef** það **er/sé** ekki til neitt heilhvaitibrauð?

Yfirleitt er gert ráð fyrir því í handbókum að notaður sé viðtengingarháttur á eftir viðurkenningartengingunni *þótt* (eða *þó að*), þ.e. *væri* í dæmum eins og (11.4a), en framsöguháttur á eftir skilyrðistengingunni *ef*, þ.e. *er* í dæmum eins og (11.4b) (sjá t.d. Höskuld Þráinsson 2005:153). Vegna gruns um að þetta kynni að vera að breytast var þetta kannað nokkuð ítarlega í Tilbrigðaverkefningu.²

Hitt athugunarefnið sem hér er á dagskrá er svonefint **tíðasamræmi**. Það tengist háttanotkuninni þannig að það kemur aðeins fram í aukasetningum í viðtengingarhætti (sjá t.d. Höskuld Þráinsson 2005:465 o.áfr.). Í aðalatriðum felst tíðasamræmið í því að á eftir móðursögn í **þátið** kemur jafnan sögn í **þátið** viðtengingarháttar í aukasetningunni (ef á annað borð er eðlilegt að hafa viðtengingarhátt í aukasetningunni).³ Þetta verður best skýrt með dæmum:

- (11.5) a. Hann **sagði** að hann ***hafi/hefði** farið snemma að sofa.
b. Hún **spurði** hvort hann ***hafi/hefði** farið snemma að sofa.
c. Hún **vissi** að hann **hefur/hafði** farið snemma að sofa.

Í tveim fyrri dæmunum sést að á eftir móðursögn í þátið (*sagði*, *spurði*) er (eða hefur verið) óeðlilegt að hafa nútíð viðtengingarháttar í eftirfarandi aukasetningu. Sögnin *vita* tekur hins vegar með sér fallsetningu í framsöguhætti og þar er engin krafa um tíðasamræmi, þ.e. á eftir þátiðinni *vissi* má eins hafa nútíðina *er* og þátiðina *var*, en merkingin er auðvitað ekki sú sama. Þetta atriði vefst oft fyrir þeim sem eru að tileinka sér íslensku sem annað mál og slíkt er oft vísbending um að reglur séu ekki heldur auðlærðar í máltöku. Í Tilbrigðaverkefningu var þetta atriði kannað talsvert, m.a. í Námsmatsstofnunarkönnunum.⁴

Í næstu undirköflum verður sýnt hvaða dæmi voru notuð til að kanna þessi atriði.

² Breytingar á þessari háttanotkun þurfa í sjálfu sér ekki að koma á óvart vegna þess að viðurkenningarsetningar á eftir *þótt* vísa til einhvers konar staðreyndar og framsöguháttur lætur oft í ljós að eitthvað sé staðreynd en viðtengingarháttur ekki (sbr. áðurnefnd tengsl milli staðreyndasagna og framsöguháttar í skýringarsetningum). Á hinn bóginn fela skilyrðissetningar á eftir *ef* í sér einhvers konar óvissu eða skilyrði (sbr. nafnið) og slíkir merkingarþættir eru oft fremur tengdir viðtengingarhætti en framsöguhætti.

³ Hins vegar getur sögnin í aukasetningunni vel staðið í þátið viðtengingarháttar þótt sögnin í móðursetningunni sé í nútíð, en þá er í raun um hina „sjálfstæðu“ þátið viðtengingarháttar að ræða sem felur í sér óraunveruleikamerkingu (sjá t.d. Höskuld Þráinsson 2005:466):

(i) Hann **segir** að hann **hefði** farið heim (ef ...)

⁴ Í öllum tilvikum takmarkaðist rannsóknin við fallsetningar þótt reyndar megi finna hliðstætt samræmi í atvikssetningum í viðtengingarhætti (stjórnumerkingin hér er höfundar):

(i) Hann **kom** alltaf á æfingar nema hann ***hafi/hefði** farið snemma að sofa.
Það er því ókannað mál að hvaða marki má finna tilbrigði í tíðasamræmi hér.

11.1.1 Viðtengingarháttur og framsöguháttur í fallsetningum

Hér var í fyrsta lagi skoðað mat á framsöguhátti og viðtengingarhátti í skýringarsetningum á eftir álitssögnum eða öðrum sögnum sem jafnan hafa verið taldar taka með sér fallsetningar í viðtengingarhátti eins og lýst var hér á undan:

- (11.6) a. T2023 *Þú hefur litið samband við kunningjana.*
Sigrún **segir** að þú **hefur** aldrei komið í heimsókn.
- b. T2033 *Það eru alltaf einhver vandræði með þessa hunda.*
Óli **segir** að Snati **hafi** oft strokið að heiman.
- c. T2043 *Björn var sofandi þegar Gunna hringdi.*
Hún **hélt** að hann **var** ekki heima.
- d. T2053 *Það er ekki búð að ryksuga stofma.*
Ég **hélt** að Gústi **væri** búinn að því.

Þetta atriði var líka kannað með því að láta þátttakendur velja á milli tveggja kosta:

- (11.7) TK1.10 *Ég var að leita að Steina.*
Systir hans **segir** að hann **er/sé** fluttur til útlanda.

Samsvarandi athugun var gerð á spurnarsetningum sem hefjast á *hvort* og fylgja sögninni *spyrja*:

- (11.8) a. T1083 *Við förum af stað eftir klukkutíma.*
Spurðu Nonna hvort hann **kemur** með.
- b. T2083 *Félagarnir eru að fara í skíðaferðalag.*
Þeir **spyrja** stelpurnar hvort þær **ætli** að koma með.
- c. T2093 *Óli er í símanum og segist vera á leiðinni heim.*
Hann **spyr** hvort hann **á** að kaupa eitthvað.

Síðasta atriðið var líka kannað með því að láta þátttakendur velja á milli tveggja kosta, en þá var móðursögnin *vita* í Könnun 1 en *spyrja* í Námsmatsstofnunarkönnuninni 2006:

- (11.9) a. TK1.1 *Er lækjirinn í fríi í dag?*
Veistu hvort hann **verður/verði** við á morgun?
- b. N0618 *Við förum af stað eftir klukkutíma.*
Spurðu Nonna hvort hann **kemur/komi** með.

Loks var búin til frásögn í Könnun 2 og þar átti að velja á milli sagnmynda (sjá Viðauka). Þar voru m.a. eftirfarandi dæmi:

- (11.10) ... til að **sjá** hvort hann **er/sé** mjúkur og **gefur/gefi** eftir.

Eins og áður hefur verið nefnt og sjá má af sumum þessara dæma með *hvort* geta í sumum tilvikum komið tveir kostir til greina (sjá líka Jakob Jóh. Smára 1920:222 o.v., Guðrúnu Þórðardóttur 2006:62 o.v.). Þegar þannig stendur á má búast við því að málnotendur verði ekki á eitt sáttir um dæmi sem áður þóttu ótvíræð.

11.1.2 Viðtengingarháttur og framsöguháttur í atvikssetningum

Þær atvikstengingar sem athyglinni var beint að í þessum könnunum voru þótt, nema og ef. Dæmin með þótt voru þessi:

- (11.11) a. T1021 *Leiknum verður ekki aflýst.*
Við spilum þótt það hefur rignt dálítið í nótt.
- b. T1087 *Útihátíðin verður nína um helgina.*
Við mætum þótt það verði leiðinlegt veður.
- c. T2004 *Gummi er búinn að vera veikur í tvo daga.*
Hann ætlar samt í ferðalagið þótt hann er enn mjög slappur.
- d. T2113 *Jóhanna er búin að fá meira en nóg af þessari flensu.*
Hún ætlar samt í vinnuna þótt hún sé ennþá lasin.
- e. T2014 *Fylkismenn eru vongóðir um að halda sér í deildinni.*
Þótt þeir hafa ekki unnið marga leiki eru þeir ekki í fallsæti.
- f. T2024 *Valsarar ætla sér að vinna Íslandsmótið.*
Þeir eru efstir þótt þeir hafa misst marga leikmenn.

Þetta atriði var líka kannað með því að láta þátttakendur velja á milli tveggja kosta:

- (11.12) a. TK1.7 *Björgumarsveitin stóð sig mjög vel.*
Hún hélt áfram að leita þótt það var/væri brjáláð veður.
- b. N0623 *Útihátíðin verður nína um helgina.*
Við mætum þótt það verði/verður rigning.

Loks áttu þátttakendur að velja á milli beygingarmynda sagna í frásögninni í Könnun 2 og þar komu þessi dæmi fyrir m.a.:

- (11.13) ... þótt það er/sé ekki nauðsynlegt

Til að skoða mat á háttanotkun á eftir nema voru þessi dæmi prófuð:

- (11.14) a. T2034 *María er mjög óánægð með kaupnið.*
Hún ætlar að hætta nema hún fær kauphækkun.
- b. T2044 *Margir hafa skorað á Jón að taka þátt í næstu kosningum.*
Hann býður sig ekki fram nema hann fái annað sætið.

Hér gátu þátttakendur líka valið á milli tveggja kosta (reyndar í annarri könnun):

- (11.15) TK1.5 *Ólafía er að leita að Viggju.*
Hún vill ekki fara norður nema Vigga fer/fari með henni.

Loks voru allmörg dæmi prófuð þar sem skilyrðistengingin ef kom við sögu:

- (11.16) a. T1067 *Ég bað Dag um að fara út í sjoppu og kaupa malt.*
Á hann að kaupa eitthvað annað ef það sé ekki til?
- b. T1091 *Hópurinn ætlar í gönguferð um helgina.*
Við förum með ef það hafi styt upp.
- c. T1107 *Þeir eru að ljúka við að negla járníð á þakið.*
Á ég að hjálpa þeim ef þeir eru ekki búnir?

- d. T2103 *Þeir eru að ljúka við að negla járníð á þakið.*
 Á ég að hjálpa þeim **ef** þeir **séu** ekki búnir.

Þetta atriði var líka skoðað með því að láta þátttakendur velja á milli tveggja kosta:

- (11.17) a. TK1.20 *Við erum búin að borða.*
 En það er kjúklingur í ísskápnunum **ef** þú **ert/sért** svangur.
 b. N0624 *Hópurinn ætlar í gönguferð um helgina.*
 Við förum með **ef** veðrið **hafi/hefur** skánað.

Í frásögninni í Könnun 2 voru líka nokkur dæmi þar sem velja átti á milli framsöguháttar og viðtengingarháttar á eftir skilyrðistengingunni *ef*:

- (11.18) a. **Ef** safinn **sé/er** svolítið bleikur eða rauðleitur þá er ...
 b. ... en það er vel steikt **ef** það **komi/kemur** tær safi
 c. **Ef** enginn safi **rennur/renni** út ...

Þegar rætt er um sókn viðtengingarháttar á eftir *ef* eru oftast tilgreind dæmi með sögninni *vera* (þ.e. *sé*). Eins og sjá má af dæmunum hér á undan vildum við þó líka kanna hvort þessi breyting á háttanotkun næði til annarra sagna.

Loks má nefna að í áður nefndri frásögn í Könnun 2 voru nokkur dæmi af öðru tagi en þau sem hér hafa verið talin. Þau voru höfð til samanburðar og til þess að setningarnar yrðu ekki of einsleitar, en við áttum ekki von á að finna nein sérstök tilbrigði þar:

- (11.19) a. **Þegar** lærið **sé/er** tekið út úr ofninum ...
 b. **Þegar** lærið **hefur/hafi** verið steikt hæfilega lengi skaltu ...
 c. ... og athuga litinn á kjötsafanum **sem renni/rennur** út
 d. ... **þá sé/er** kjötið líklega orðið steikt í gegn

Hér gerðum við alls staðar ráð fyrir að þátttakendur veldu fremur framsöguhátt en viðtengingarhátt, enda sýndist okkur ekki vera neitt í samhenginu sem gæti kallað á viðtengingarhátt..⁵

11.1.3 Tíðasamræmi

Til að kanna tíðasamræmi voru þátttakendur látnir meta eftirfarandi dæmi:

- (11.20) a. T2063 *Helgi fann engan í húsinu.*
 Hann **sagði** að allir **hefðu** verið farnir.
 b. T2073 *Gummi var ekki heima í gær.*
 Mamma hans **hélt** að hann **hafi** farið í bíó.

⁵ Viðtengingarháttur getur auðvitað komið fram í ýmiss konar setningum ef þær eru hluti af stærra samhengi sem kallar á viðtengingarhátt, t.d. óbeinni ræðu eða einhverju álíka (sjá t.d. Höskuld Þráinsson 2005:470 o.v.):

(i) Hann **segir** að það **þurfi** að vanda mjög til verka við steikingu. Þegar lærið **sé** tekið út ofninum ...

Hér stýrir sögnin *segja* viðtengingarhætti þar sem því verður við komið í frásögninni af því hvað var sagt. Engu slíku var til að dreifa í frásögninni í Tilbrigðakönnun 2.

- c. N0708 *Gunna sá Nomma ekki í skólanum í gær.*
Hún **hélt** að hann **hafi** verið veikur.
- d. N0710 *Sif hjálpaði Jóa með heimaverkefnið.*
Hún **sagði** að hann **hafi** ekki skilið það.

Auk þessa áttu þátttakendur í Námsmatsstofnunarkönnuninum að velja á milli tveggja kosta í eftirfarandi dæmum:

- (11.21) a. N0620 *Gummi var ekki heima í gær.*
Ég **hélt** að hann **hefði/hafi** farið í bíó.
- b. N0718 *Jóni fannst Hildur ekki syngja vel á tónleikumum.*
Hann **spurði** hvort hún **hafi/hefði** alltaf sungið falskt.⁶

Eins og þessi dæmi sýna var hér aðeins litið á tíðasamræmi hjálparsagnarinnar *hafa*, enda höfðum við rökstuddan grun um að þar væri helst að vænta tilbrigða.

Að lokinni þessari kynningu á viðfangsefnunum getum við snúið okkur að því að gera grein fyrir tölfræðilegum niðurstöðum.

11.2 Almenn yfirlit

11.2.1 Viðtengingarháttur og framsöguháttur í fallsetningum

Tafla 11.1 sýnir mat þátttakenda í Könnun 2 á framsöguhátti og viðtengingarhátti í skýringarsetningum á eftir *segja* og *halda*, en þar hefur viðtengingarháttur jafnan verið talinn almennt mál (sjá lýsingu í kafla 11.1.0):

Númer	Setning	já	?	nei	=	N
a. T2023	Sigrún segir að þú hefur aldrei komið í heimsókn.	26,5	12,3	61,1	100	746
b. T2033	Óli segir að Snati hafi oft strokið að heiman.	95,5	2,4	2,1	100	753
c. T2043	Hún hélt að hann var ekki heima.	18,4	7,4	74,1	100	754
d. T2053	Ég hélt að Gústi væri búinn að því.	97,2	2,3	0,5	100	751

Tafla 11.1: *Mat á skýringarsetningum þar sem búist var við viðtengingarhátti.*

Hér samþykkja nánast allir viðtengingarháttinn, eins og búist var við (*b-* og *d-*dæmið), en fleiri telja framsöguháttinn eðlilegt mál en gert var ráð fyrir (*a-* og *c-*dæmið). Samkvæmt því ætti um fimmtungur til fjórðungur að geta sætt sig við hvorn háttinn sem er. Ef þeir ættu að velja á milli mætti hins vegar búast við því að þeir veldu fremur viðtengingarháttinn. Það kemur líka í ljós þegar þátttakendur eru látnir velja á milli tveggja kosta, sbr. *töflu 11.2*:

⁶ Eins og fram kemur í 15. kafla voru setningar af svipaðri gerð og (11.21b) líka notaðar til að kanna hvort þátttakendur gætu ýmist haft persónubeygða sögn á undan eða eftir atviksorðum á borð við *alltaf*, *aldrei* og *ekki* í aukasetningum. Næstum allir töldu röðina so–ao eðlilega í slíkum dæmum (sjá t.d. dóma um *a*-setninguna í *töflu 15.11*). Af því má draga þá ályktun að röðin so–ao ætti ekki að hafa áhrif á dóma þátttakenda um (11.21b). Dæmi einhverjir gerðina með nútíðinni *hafi* ótæka til dæmis getur það því ekki verið vegna þess að þeim þyki röðin *hafi alltaf* óeðlileg. En þetta dæmi sýnir hins vegar að vel þarf að gæta þess að þátttakendur séu örugglega að dæma það sem á að vera til skoðunar hverju sinni og ekki eitthvert óskýlt atriði.

Númer	Setning	já	N
TK1.10	Systir hans segir að hann ...		768
	er fluttur til útlanda.	3,1	
	sé fluttur til útlanda.	95,6	
	báðir kostir	1,3	

Tafla 11.2: *Val á milli háttá í skýringarsetningu þar sem búist var við viðtengingarhætti.*

Miðað við niðurstöðuna í töflu 11.2 kemur á óvart hversu fáir segja að báðir kostir komi til greina. Á því gætu verið tvær skýringar. Annars vegar voru þátttakendur í þessum könnunum tregir til að viðurkenna að tveir eða fleiri kostir geti komið til greina. Það gæti stafað af þeirri almennu skoðun að yfirleitt sé aðeins einn kostur réttur í máli, enda er oft lögð áhersla á slíkt í móðurmálskennslu (sjá líka umræðu í kafla 2.2). Hin ástæðan gæti verið sú að þótt allmörgum finnst að framsöguháttur sé tækur í setningum af þessu tagi noti þeir hann yfirleitt ekki. Sú túlkun fær reyndar stuðning af því að framsöguháttardæmi af þessari gerð virðast mjög sjaldgæf á Netinu. Það má t.d. sjá með því að leita annars vegar að „segir að hann/hún er“ eða „segir að hann/hún hefur“ og svo samsvarandi dæmum með viðtengingarhætti (*sé, hafði*). Miðað við þá umræðu sem stundum hefur verið í samfélaginu um það að viðtengingarháttur sé að líða undir lok í íslensku kemur þetta nokkuð á óvart.

Eins og bent var á í inngangskafli (11.1.0) gerðum við ráð fyrir meiri tilbrigðum í háttanotkun í spurnarsetningum sem hefjast á *hvort*. Niðurstöður um mat á slíkum setningum eru sýndar í töflu 11.3:

Númer	Setning	já	?	nei	=	N
a. T1083	Spurðu Nonna hvort hann kemur með.	42,5	17,2	40,3	100	769
b. T2083	Þeir spyrja stelpurnar hvort þær ætli að koma með.	80,0	10,4	9,6	100	749
c. T2093	Hann spyr hvort hann á að kaupa eitthvað.	15,8	15,1	69,1	100	754

Tafla 11.3: *Mat á spurnarsetningum með hvort þar sem búist var við viðtengingarhætti.*

Í fyrsta lagi má benda á að dæmið með viðtengingarhættinum (*b*-dæmið) fær besta dóma þótt þeir séu ekki eins afdráttarlausir og þegar viðtengingarháttur í skýringarsetningum átti í hlut (sjá töflu 11.1). Í öðru lagi vekur athygli hversu margir samþykkja *a*-dæmið því þar er framsöguháttur. Í því ljósi kemur á óvart að ekki skuli fleiri samþykkja *c*-dæmið, þar sem móðursögnin er sú sama. Samhengið er aftur á móti ekki nákvæmlega hið sama (sjá (11.8)). Hér hefði verið æskilegt að geta borið saman dæmi sem væru nær því að vera lágmarkspör. Í Námsmatsstofnunarkönnuninni 2006 gafst þátttakendum reyndar færi á að velja á milli framsöguháttar og viðtengingarháttar í setningu sem var að öðru leyti eins og *a*-dæmið í töflu 11.3. Niðurstöðurnar eru sýndar í töflu 11.4 og þar eru líka birtar niðurstöður úr vali milli tveggja kosta í Könnun 1 þar sem sögnin í móðursetningunni var *vita*:

Númer	Setning	já	N
a. TK1.1	Veistu hvort hann ...		766
	verður við á morgun?	43,7	
	verði við á morgun?	40,5	
	báðir kostir	15,8	
b. N0618	Spurðu Nonna hvort hann ...		730
	kemur með.	14,8	
	komi með.	85,2	

Tafla 11.4: *Val á milli háttanna í spurnarsetningum með hvort: Val milli tveggja kosta.*

Hér sést í fyrsta lagi að mikill meirihluti þátttakenda í Námsmatsstofnunarkönnuninni 2006 valdi viðtengingarhátt umfram framsöguhátt (*b*-dæmið — þar gafst ekki færi á að velja báða kosta). Það er athyglisvert vegna þess að hér er auðvitað um þann aldurshóp að ræða sem samsvarar yngsta hópnum í Tilbrigðakönnuninum og e.t.v. hefði mátt búast við því að þar væru niðurstöður ekki svona ótvíræðar (sjá nánari umræðu í kafla 11.3.1 hér á eftir um flokkun á niðurstöðum eftir aldri). Í sjálfu sér rímar þetta þó ekki illa við það sem *tafla 11.3* sýnir — þegar þátttakendum er gert að velja á milli kosta í þessu dæmi velja langflestir viðtengingarháttinn. Í *a*-dæminu er hins vegar litill munur á því hvor hátturinn er oftar valinn, enda er þekkt að í dæmum af svipuðu tagi geta margir hugsað sér hvorn kostinn sem er (sjá t.d. umræðu hjá Jakobi Jóh. Smára 1920:222–223, Höskuldi Þráinssyni 2005:465 og Guðrínu Þórðardóttur 2006, 2012). Svipað á við um eftirfarandi dæmi úr frásögninni í Könnun 2 þar sem velja á milli framsöguháttar og viðtengingarháttar:

Númer	Setning	já	N
a.	til að sjá hvort hann		744
	er mjúkur ...	22,7	
	sé mjúkur ...	70,2	
	báðir kostir	7,1	
b.	til að sjá hvort hann		739
	... og gefur eftir	20,7	
	... og gefi eftir	75,2	
	báðir kostir	4,1	

Tafla 11.5: *Val á milli háttanna í spurnarsetningum með hvort. Dæmi úr frásögn.*

Hér eru niðurstöðurnar svipaðar og áður: Viðtengingarhátturinn er vinsælli í þessu samhengi en fáir velja báða kosta. Almennt verður því ekki séð að viðtengingarháttur eigi mjög undir högg að sækja í þessari setningagerð þótt samanburður á niðurstöðum fyrir einstaka aldursflokka gæti gefið eitthvað aðra mynd af þessu (sjá kafla 11.3.1).

11.2.2 Viðtengingarháttur og framsöguháttur í atviksetningum

Eins og vikið var að í inngangskaflanum hér frammar (kafla 11.1.0) kalla sumar atvikstengingar á viðtengingarhátt. Meðal þeirra er tengingin *þótt* (eða *þó að*). Í *töflu 11.6* eru sýndar niðurstöður úr Tilbrigðakönnuninum um mat á framsöguhátti og viðtengingarhátti í viðurkenningarsetningum á eftir henni:

Númer	Setning	já	?	nei	=	N
a. T1021	Við spilum þótt það hefur rignt dálítið í nótt.	25,9	12,7	61,4	100	769
b. T1087	Við mætum þótt það verði leiðinlegt veður.	88,6	6,9	4,5	100	771
c. T2004	Hann ætlar samt í ferðalagið þótt hann er enn mjög slappur.	22,4	16,4	61,1	100	749
d. T2113	Hún ætlar samt í vinnuna þótt hún sé ennþá lasin.	84,7	9,1	6,3	100	751
e. T2014	Þótt þeir hafa ekki unnið marga leiki eru þeir ekki í fallsæti.	56,5	12,3	31,2	100	747
f. T2024	Þeir eru efstir þótt þeir hafa misst marga leikmenn.	57,8	11,4	30,9	100	748

Tafla 11.6: *Jákvætt mat á atvikssetningum með þótt þar sem búist var við viðtengingarhætti.*

Hér eru tvö fyrstu pörin hliðstæð og þar eru niðurstöðurnar mjög áþekkar: Langflestir samþykkja viðtengingarháttinn þótt yfir 20% geti líka fallist á að nota framsöguhátt. Síðustu tvö dæmin eru síðan með framsöguhátti af hjálpar sögninni *hafa* og yfir helmingi þátttakenda þykja þær setningar eðlilegt mál. Ekki liggur í augum uppi hvernig á að skýra þennan mun.

Miðað við þær niðurstöður sem fram koma í töflu 11.6 mætti ætla að langflestir þátttakendur veldu viðtengingarhátt á eftir þótt þar sem gefinn var kostur á að velja á milli háttá. Sú var líka raunin eins og sjá má af töflu 11.7:

Númer	Setning	já	N
a. TK1.7	þótt það		761
	var brjáláð veður	2,6	
	væri brjáláð veður	94,2	
	báðir kostir	3,2	
b. Frásögn	þótt það		739
	er ekki nauðsynlegt	1,8	
	sé ekki nauðsynlegt	97,0	
	báðir kostir	1,2	
c. N0623	þótt það		705
	verði rigning	79,1	
	verður rigning	20,9	

Tafla 11.7: *Val á milli háttá í atvikssetningum með þótt. Val milli tveggja kosta í stökum setningum og í frásögn.*

Hér velja nánast allir viðtengingarháttinn í tilbrigðakönnunum tveim, en reyndar velja rúmlega 20% framsöguhátt í Námsmatsstofnunarkönnuninni. Með hliðsjón af því verður forvitnilegt að sjá hvernig niðurstöður úr tilbrigðakönnunum líta út þegar þær eru flokkaðar eftir aldri (sjá kafla 11.3.1).

Þátttakendur í Könnun 2 voru látnir meta dæmi með framsöguhátti og viðtengingarhætti á eftir *nema* og niðurstöður eru sýndar í töflu 11.8:

Númer	Setning	já	?	nei	=	N
a. T2034	Hún ætlar að hætta nema hún fær kauphækkun.	14,4	7,0	78,6	100	752
b. T2044	Hann býður sig ekki fram nema hann fái annað sætið.	92,2	4,9	2,9	100	752

Tafla 11.8: **Mat** á atvikssetningum með **nema** þar sem búist var við viðtengingarhætti.

Hér eru niðurstöður álíka skýrar og í samsvarandi athugun með þótt: Nær allir samþykkja viðtengingarháttinn og tiltölulega fáum finnst framsöguhátturinn tækur. Með það í huga hefði mátt búast við nokkuð ótvíráðum niðurstöðum þegar þátttakendum gafst færi á að velja á milli háttá í tveggja kosta uppsetningu, enda varð niðurstaðan sú, eins og sjá má í töflu 11.9:

Númer	Setning	já	N
TK1.5	nema Vigga		766
	fer með henni	2,5	
	fari með henni	96,5	
	báðir kostir	1,0	

Tafla 11.9: **Val** á milli háttá í atvikssetningum með **nema**: Tveir kostir.

Eins og oft áður velja mjög fáir þann kost sem fær síðri dóma þegar setningar eru metnar og sárafáum finnst að báðir kostir komi til greina.

Loks voru nokkur dæmi könnuð þar sem skilyrðistengingin *ef* kom við sögu, enda oft bent á að ýmsir noti viðtengingarhátt á eftir henni, a.m.k. þegar sögnin *vera* (þ.e. sagnmyndin *sé*) á í hlut (sjá innganginn í 11.1.0). Lítum fyrst á niðurstöðurnar í töflu 11.10:

Númer	Setning	já	?	nei	=	N
a. T1067	Á hann að kaupa eitthvað annað ef það sé ekki til?	30,3	15,7	54,0	100	770
b. T1091	Við förum með ef það hafi stytt upp.	7,5	7,7	84,8	100	769
c. T1107	Á ég að hjálpa þeim ef þeir eru ekki búnir?	89,3	5,9	4,8	100	769
d. T2103	Á ég að hjálpa þeim ef þeir séu ekki búnir.	17,0	12,5	70,5	100	752

Tafla 11.10: **Mat** á atvikssetningum með **ef** þar sem búist var við framsöguhátti.

Hér blasir tvennt við: Í fyrsta lagi er mikill munur á dæmum *a* og *b* á þann veg að mjög fáir þátttakendur samþykkja viðtengingarháttinn á *hafa* í þessu sambandi en næstum þriðjungur sættir sig við viðtengingarháttinn af *vera*. Sá viðtengingarháttur fær þó mun lakari dóma í *d*-dæminu og líklega stafar það af því að setningagerðin er ekki alveg sú sama. Í öðru lagi fær hinn hefðbundni framsöguháttur í *c*-dæminu langbesta dóma. Þessar niðurstöður benda því ekki til þess að viðtengingarháttur almennt sé í stórsókn í skilyrðissetningum á eftir *ef*.

Miðað við þær niðurstöður sem sýndar eru í töflu 11.10 mætti búast við að flestir þátttakendur tækju framsöguhátt framyfir viðtengingarhátt í skilyrðissetningum á eftir *ef* ef þeim byðist að velja á milli þessara háttá. Sú varð líka raunin eins og sjá má í töflu 11.11:

Númer	Setning	já	N
a. TK1.20	í ísskápnnum ef þú		767
	ert svangur	96,2	
	sért svangur	1,3	
	báðir kostir	2,5	
b. Frásögn	Ef safinn		742
	sé svolítið bleikur	4,7	
	er svolítið bleikur	93,9	
	báðir kostir	1,3	
c. Frásögn	ef það		743
	komi tær safi	1,9	
	kemur tær safi	98,0	
	báðir kostir	0,1	
d. Frásögn	Ef enginn safi		744
	rennur út	97,0	
	renni út	2,0	
	báðir kostir	0,1	
e. N0624	Við förum með ef veðrið		696
	hafi skánað	12,9	
	hefur skánað	87,1	

Tafla 11.11: *Val á milli háttá í atvikssetningum með ef: Val milli tveggja kosta í stökum setningum og í frásögn.*

Langflestir velja hér framsöguhátt eins og búast mátti við. Ef lítið er á þær kannanir þar sem fullorðnir voru meðal þátttakenda er viðtengingarháttur helst valinn af *vera* í *b*-dæminu. Sú staðreynd að hann er mun síður valinn í *a*-dæminu, svo og áður nefndur munur á matinu á viðtengingarhætti af *vera* í dæmum *a* og *d* í töflu 11.10, bendir til þess að órannsakaðir þættir í gerð eða merkingu skilyrðissetninganna geti skipt máli fyrir val á hætti í máli þeirra sem geta samþykkt eða notað viðtengingarhátt af *vera* á eftir *ef*. — Í öðru lagi er athyglisvert hvað viðtengingarhátturinn *hafi* var oft valinn í Námsmatsstofnunarkönnuninni (*e*-dæmið), en við lítum nánar á mun á mati og vali aldurshópa í kafla 11.3.1 hér á eftir.

Hér má svo bæta við til samanburðar niðurstöðum úr könnun á því hvort þátttakendur veldu viðtengingarhátt eða framsöguhátt í annars konar setningum í frásögn þar sem engin sérstök ástæða virtist til að velja viðtengingarhátt. Þær niðurstöður eru sýndar í töflu 11.12:

Númer	Setning	já	N
a. Frásögn	Þegar lærið		746
	sé tekið úr ofninum	1,7	
	er tekið úr ofninum	97,9	
	báðir kostir	0,4	
b. Frásögn	Þegar lærið		744
	hefur verið steikt	98,5	
	hafi verið steikt	1,5	
	báðir kostir	0,0	
c. Frásögn	litinn á kjötsafanum sem		744
	rennur út	97,8	
	renni út	2,0	
	báðir kostir	0,1	
d. Frásögn	þá		722
	sé kjötið líklega orðið	2,4	
	er kjötið líklega orðið	97,0	
	báðir kostir	0,7	

Tafla 11.12: *Val á milli háttanna í ýmsum gerðum setninga í frásögn þar sem framsöguháttar var von.*

Hér kemur í sjálfu sér ekkert óvænt fram, en sú staðreynd að nánast allir velja framsöguhátt í öllum þessum dæmum þar sem ekki var annars að vænta styður þá skoðun að þátttakendur hafi almennt tekið könnunina alvarlega og svarað eftir bestu samvisku. Um leið gefa tölurnar vísbendingu um hversu há prósentutala geti stafað af mistökum eða misskilningi (hér kannski um 2%).

11.2.3 Tíðasamræmi

Til þess að kanna tíðasamræmi voru þátttakendur í fyrsta lagi látnir meta tíðanotkun í fallsetningum í viðtengingarhætti á eftir *segja* og *halda*. Í Könnun 2 voru tvö slík dæmi, annað með samræmi og hitt án, en í Námsmatsstofnunarkönnuninni 2007 áttu þátttakendur að meta tvö dæmi án samræmis. Niðurstöður úr þessu mati eru sýndar í *töflu 11.13*:

Númer	Setning	já	?	nei	=	N
a. T2063	Hann sagði að allir hefðu verið farnir.	83,1	9,3	7,6	100	750
b. T2073	Mamma hans hélt að hann hafi farið í bíó.	44,7	12,0	43,3	100	749
c. N0708	Hún hélt að hann hafi verið veikur.	41,1	33,5	25,4	100	871
d. N0710	Hún sagði að hann hafi ekki skilið það.	51,3	31,0	17,7	100	864

Tafla 11.13: *Mat á fallsetningum í viðtengingarhætti þar sem búist var við tíðasamræmi.*

Hér fær samræmisdæmið (*a*-dæmið) besta dóma, eins og vænta mátti, þótt það séu reyndar aðeins rúmlega 80% þátttakenda sem telja það eðlilegt mál. Að öðru leyti má segja að tvennt komi á óvart. Í fyrsta lagi hve stór hluti þátttakenda samþykkir *b*-dæmið því það eru niðurstöður úr könnun sem náði til fólks á öllum aldri. Í öðru lagi

að ekki skuli þá stærri hluti unglínganna sem mátu *c*- og *d*-dæmið telja þau eðlilegt mál. Í þessu ljósi verður forvitnilegt að skoða aldursflokkun niðurstaðna. Loks má benda á að um þriðjungur þátttakenda í Námsmatsstofnunarkönnuninni taldi setningarnar vafasamar. Það kann reyndar að einhverju leyti að stafa af því að þar var matið á setningunum inni í stærri könnun þar sem þátttakendur áttu að meta á flóknari skala ýmsar staðhæfingar tengdar samræmdu prófunum en tilbrigðasetningarnar átti að meta á þeim einfalda þriggja þrepa skala sem mest var notaður í könnuninum (sjá almennar athugasemdir í kafla 2.2 um misflókna skala í könnunum).

Í ljósi þess sem fram kemur í *töflu 11.13* mætti búast við að þátttakendur í Námsmatsstofnunarkönnuninum veldu alls ekki alltaf þá sagnmynd sem sýndi tíðasamræmi þegar þeim bauðst að velja á milli kosta í setningum svipuðum þeim sem eru á dagskrá í *töflu 11.13*. Sú varð líka raunin eins og fram kemur í *töflu 11.14*:

Númer	Setning	Já	N
a. N0620	Ég hélt að hann		723
	hefði farið í bió.	77,5	
	hafi farið í bió.	22,5	
b. N0718	Hann spurði hvort hún		865
	hafi alltaf sungið falskt.	42,3	
	hefði alltaf sungið falskt.	57,7	

Tafla 11.14: Val á milli sagnmynda með og án tíðasamræmis.

Hér velja þátttakendur í báðum tilvikum frekar þá sagnmynd sem sýnir tíðasamræmi (þ.e. þátíðina), en þó velja býsna margir nútíðina (ekkert samræmi). Þessar niðurstöður eru í ágætu samræmi við matið í *töflu 11.13* og styðja enn frekar að tíðasamræmið kunnir að vera á undanhaldi í setningum af þessu tagi. Í kafla 11.3.1 lítum við nánar á tengsl þessara breytinga við aldur.

11.2.4 Samantekt

Í þessum undirkafla hefur verið gefið yfirlit yfir verkaskiptingu viðtengingarháttar og framsöguháttar í aukasetningum og yfir tíðasamræmi í skýringarsetningum. Þótt ýmiss konar dæmi kæmu við sögu má segja að þau hafi flest miðað að því að kanna hvort framsöguháttur væri notaður þar sem viðtengingarháttur hefur þótt viðtekinn og hvort þátttakendur sættu sig við ósamræmi í tíð þar sem tíðasamræmis væri að vænta miðað við hefðina. Helstu niðurstöður má draga saman á þessa leið:

- Viðtengingarháttur fékk mun betri dóma en framsöguháttur í þeim skýringarsetningum þar sem viðtengingarháttur var von (t.d. á eftir sögnum eins og *segja* og *halda*) og næstum engir völdu framsöguhátt í slíkum dæmum þegar þátttakendum var boðið að velja á milli kosta (*töflur 11.1* og *11.2*).
- Mun meiri tilbrigði komu fram í *hvort*-setningum, eins og búist var við, bæði í dómum og vali (*töflur 11.3* og *11.4*). Þetta var þó nokkuð misjafnt eftir samhengi, en þar sem velja átti á milli háttanna í *hvort*-setningum í frásagnartexta völdu fleiri viðtengingarháttinn (*tafla 11.5*).
- Á eftir atvikstengingunni þótt fengu viðtengingarháttardæmi yfirleitt betri dóma en framsöguháttur (*tafla 11.6*) og viðtengingarháttur var líka oftast valinn í slíkum setningum (*tafla 11.7*). Svipað er að segja um atvikssetningar sem hefjast á *nema* (*töflur 11.8* og *11.9*).

- Í skilyrðissetningum sem hefjast á *ef* fékk framsöguháttur betri dóma en viðtengingarháttur. Þó sættu allmargir sig við viðtengingarhátt af sögninni *vera* í slíku samhengi (t.d. *ef það sé*) en mun síður við viðtengingarhátt af *hafa* (tafla 11.10). Eins velja fleiri framsöguhátt en viðtengingarhátt í slíkum setningum (tafla 11.11).
- Býsna margir þátttakendur samþykktu dæmi með ósamræmi í tíð móðursetningar og skýringarsetningar þar sem búist var við samræmi samkvæmt hefðinni (tafla 11.13) og svipað varð uppi á teningnum þegar þátttakendur áttu að velja á milli samræmis og ósamræmis í slíkum dæmum (tafla 11.14).

Í næsta undirkafli verður skoðað hvort þau frávik frá hefðinni sem hér hafa verið nefnd sýna tengsl við aldur, menntun eða kyn þátttakenda.

11.3 Tengsl við aldur, menntun og kyn

Í þessum undirkafli verður aðeins litið á tengslin við þau atriði sem hafa verið á dagskrá hér á undan og telja má að séu nýjung samkvæmt handbókum, þ.e.

- notkun framsöguháttar þar sem viðtengingarháttar væri að vænta
- notkun viðtengingarháttar þar sem framsöguháttar væri að vænta
- skort á tíðsamræmi í setningum þar sem búist var við slíku samræmi

Eins og í fyrri köflum lítum við fyrst á tengsl milli aldurs og þeirra breyta sem um ræðir.

11.3.1 Aldur


Í kafla 11.2.1 kom m.a. fram að allmargir þátttakendur telja framsöguhátt eðlilegt mál í **skýringarsetningum** á eftir sögnum á borð við *segja* og *halda* (sjá *töflu 11.1*) og í **spurnarsetningum** með *hvort* á eftir *sprja* (sjá *töflu 11.3*) þar sem viðtengingarháttar hefði verið að vænta. Í *töflu 11.15* er gefið yfirlit yfir mat á þeim setningum sem þarna skipta mestu máli, flokkað eftir aldri:

Númer	Setning	9. b	20–25	40–45	65–70	r	p
a. T2023	Sigrún segir að þú hefur aldrei komið í heimsókn.	51,8	26,4	11,5	13,8	.360	.000
b. T2043	Hún hélt að hann var ekki heima.	30,1	15,3	12,3	15,6	.172	.000
c. T1083	Spurðu Nonna hvort hann kemur með.	61,3	42,4	39,1	24,6	.276	.000
d. T2093	Hann spyr hvort hann á að kaupa eitthvað.	31,6	18,7	6,2	4,4	.291	.000

Tafla 11.15: *Jákvætt mat á fallsetningum með (nýjum) framsöguhátti, flokkað eftir aldurshópum.*

Sú mynd sem hér kemur fram er býsna skýr: Í öllum tilvikum fá setningarnar besta dóma hjá yngsta aldurshópnum. Fylgni við aldur er alls staðar vel marktæk og nær því að vera meðalsterk þegar *a*-dæmið á í hlut (fylgnistuðullinn nær 0,3 markinu, reyndar næstum því í *d*-dæminu líka). Þetta sýnir glögglega að viðtengingarhátturinn er á undanhaldi í þessum setningagerðum. Munur aldurshópanna kemur líka skýrt fram á mynd 11.1, en þar er miðað við „meðaleinkunn“ þátttakenda fyrir setningar *a*, *b* og *d* í *töflu 11.15* (ekki var hægt að hafa *c*-dæmið með í þeim útreikningum þar sem það er ekki úr sömu kömmu). Fylgnin við aldur nær því að vera meðalsterk ($r = -0,373$) og

hún er mjög vel marktæk ($p = 0,000$). Hliðstæð niðurstaða fæst ef meðaltölin eru borin saman og munurinn metinn með F-prófi (ANOVA, $F_{(3, 751)} = 14,310$, $p = 0,000$):



Mynd 11.1: Meðaleinkunn fyrir framsöguhátt í fallsetningum (T2023, T2043, T2093), flokkuð eftir aldri.

Ef mynd 11.1 gefur rétta vísbendingu um þróunina er svo að sjá sem notkun framsöguháttar í þessum gerðum fallsetninga hafi einkum aukist með yngstu kynslóðinni en hún hafi þó byrjað að aukast hjá þeirri næstýngstu. Sú staðreynd að elstu kynslóðirnar fordæma þessar setningar ekki algjörlega bendir þó til þess að breytingin eigi sér eldri rætur.

Önnur tegund setninga þar sem búið var við viðtengingarhætti en sumum þótti framsöguháttur koma til greina er **atvikssetningar** tengdar með þótt og nema (sjá töflu 11.6 og töflu 11.8). Aldursflokkad mat á þessum setningum er sýnt í töflu 11.16:

Númer	Setning	9. b	20-25	40-45	65-70	r	p
a. T1021	Við spilum þótt það hefur rignt dálítið í nótt.	48,3	23,9	14,6	14,7	.329	.000
b. T2004	Hann ætlar samt í ferðalagið þótt hann er enn mjög slappur.	36,7	20,3	18,6	12,1	.250	.000
c. T2014	Þótt þeir hafa ekki unnið marga leiki eru þeir ekki í fallsæti.	67,9	55,2	50,0	51,9	.155	.000
d. T2024	Þeir eru efstir þótt þeir hafa misst marga leikmenn.	68,9	56,7	53,6	50,3	.140	.000
e. T2034	Hún ætlar að hætta nema hún fær kauphækkun.	27,0	15,3	8,2	5,1	.288	.000


Tafla 11.16: **Jákvætt mat** á atvikssetningum með (nýjum) framsöguhætti, flokkað eftir aldurshópum.

Hér er myndin álíka skýr og áður: Það er í öllum tilvikum yngsti aldurshópurinn sem kann best að meta þessi dæmi og fylgnin við aldur er alls staðar mjög vel marktæk. Það er þó aðeins í fyrsta dæminu sem hún nær því að vera meðalsterk. Þá vekur athygli hve

dæmin með sagnmyndinni *hafa* (*c* og *d*) fá góða dóma hjá öllum aldurshópum, því hátt í 70% úr yngsta aldurshópnum telja þau eðlilegt mál og rúmlega 50% úr eldri aldurshópnum. Spurningin er þá t.d. hvort þetta merkir að málnotendur geri í raun ekki skýran greinarmun á *hafa* og *haft* (3.p.ft. í framsöguhætti og viðtengingarhætti),⁷ hvort einhverjir kunni að hafa mislesið dæmin eða hvort það að hér er um hjálparsögn að ræða geti haft einhver áhrif. Sú staðreynd að *a*-dæmið fær næstbesta dóma gæti bent til þess að síðasttalda atriðið skipti einhverju máli því þar er líka hjálparsögn. Sagnmyndin *hefur* í *a*-dæminu er hins vegar ekki mjög lík viðtengingarhættinum *haft* og það gæti valdið því að *a*-dæmið fær lakari dóma en *c* og *d*, ef líkindi sagnmynda geta líka haft áhrif.

Nú er það í sjálfu sér ekki mjög upplýsandi hugmynd að nærvera hjálparsagnar geti skipt máli í sjálfu sér. Áhugaverðara væri að kanna hvort merkingarlegir þættir kunna að hafa áhrif á háttanotkunina í dæmum af þessu tagi. Þá má benda á að framsöguháttur er oft sagður tengjast staðreyndum og fullvissu en viðtengingarháttur efasemdum og vafa. Í því ljósi er athyglisvert að setningar tengdar með *þótt* vísa einmitt oft til staðreynda. Misjákvæðir dómar um framsöguhátt í *þótt*-setningum gætu tengst merkingarlegum atriðum af þessu tagi. Það mætti kanna nánar.

Hér má svo eins og áður gefa myndrænni lýsingu á sambandinu milli aldurs og þeirrar nýjungar sem hér er til umræðu. Þetta er gert á mynd 11.2, þar sem miðað er við „meðaleinkunn“ fyrir dæmi *b* (með *þótt*) og *e* (með *nema*) í töflu 11.16.⁸



Mynd 11.2: Meðaleinkunn fyrir framsöguhátt í atviksetningum á eftir þótt og nema (T2004, T2034), flokkuð eftir aldri.

Þetta er svipuð mynd og 11.1: Þessi breyting hefur einkum sótt á hjá yngstu kynslóðinni, en hér er þó jafnari stigandi hjá hinum kynslóðunum þrem. Fylgnin við aldur er meðalsterk og mjög vel marktæk ($r = -0,319$, $p = 0,000$) og svipuð niðurstaða

⁷ Þetta mætti auðvitað kanna sérstaklega með því að láta þátttakendur hlusta á setningarnar en ekki bara lesa þær af blaði.

⁸ *a*-dæmið er úr annarri könnun en hin og því ekki hægt að hafa það með í útreiknaðri meðaleinkunn. Dæmum *c* og *d* (með *hafa*) er sleppt hér af því að þau skera sig nokkuð úr og ástæðan er óviss eins og áður var lýst.

fæst ef meðaltölin eru borin saman og kannað með F-prófi hvort munurinn sé marktækur (ANOVA, $F_{(3, 751)} = 10,822, p = 0,000$).

Lítum næst á tengsl aldurs við notkun viðtengingarháttar í **skilyrðissetningum** á eftir ef þar sem búist var við framsöguhætti. Aldursflokkun á niðurstöðum fyrir þau dæmi má sjá í *töflu 11.17*:

Númer	Setning	9. b	20–25	40–45	65–70	r	p
a. T1067	Á hann að kaupa eitthvað annað ef það sé ekki til?	45,9	39,1	18,8	14,8	.309	.000
b. T1091	Við förum með ef það hafi stytt upp.	17,6	1,5	3,1	7,4	.163	.000
c. T2103	Á ég að hjálpa þeim ef þeir séu ekki búnir.	26,0	18,8	11,8	10,1	.196	.000

Tafla 11.17: *Jákvætt mat á atvikssetningum með ef þar sem búist var við framsöguhætti, flokkað eftir aldurshópum.*

Hér vekur tvennt athygli: Í fyrsta lagi er það alls staðar yngsta kynslóðin sem kann best að meta þessi dæmi. Í öðru lagi samþykkja þó nokkrir úr eldri aldurshópunum dæmin með viðtengingarhætti af *vera* (sé í *a*-dæminu og *séu* í *c*-dæminu), og þar er nokkuð regluleg stígandi frá elstu til yngstu kynslóðarinnar. Dæmið með *hafi* (*b*-dæmið) fær hins vegar litlar sem engar undirtektir nema hjá yngstu kynslóðinni. Það kynni að vera vísbending um að með tímanum myndi þessi breyting breiðast út til nýrra sagna og ekki vera lengur að mestu bundin við sögnina *vera* eins og nú virðist vera raunin hjá eldri kynslóðunum.

Lítum loks á tengsl tíðasamræmis við aldur þátttakenda. Í *töflu 11.18* er gefið yfirlit yfir mat ólíkra aldurshópa á þeirri einu setningu af þessu tagi sem allir aldursflokkar voru beðnir að meta:

Númer	Setning	9. b	20–25	40–45	65–70	r	p
T2073	Mamma hans hélt að hann hafi farið í bíó.	63,3	38,8	37,1	38,6	.187	.000

Tafla 11.18: *Jákvætt mat á fallsetningu í viðtengingarhætti án tíðasamræmis, flokkað eftir aldurshópum.*

Hér er reyndar bara um eitt dæmi að ræða en hér er mikill munur á mati yngsta hópsins annars vegar og eldri hópanna hins vegar. Ef þessi tafla gefur rétta mynd af ástandinu sættir rúmur þriðjungur þátttakenda úr öllum eldri hópunum sig við að höfð sé nútíð viðtengingarháttar í aukasetningunni þótt sögnin í móðursetningunni standi í þáttíð. Í yngsta hópnum hefur þetta hlutfall hins vegar hækkað upp í tæpa tvo þriðju.

Niðurstaðan af þessum samanburði aldurshópanna verður þá sú að í öllum þeim tilvikum sem hér eru á dagskrá virðist vera um að ræða breytingu sem er í gangi, en það er nokkuð mismunandi frá einu tilviki til annars hvort hún lítur út fyrir að vera nýlega farin að sækja í sig veðrið (er þá að mestu bundin við yngsta aldurshópinn) eða á sér eldri rætur eða hefur a.m.k. breiðst út til eldri kynslóðanna.

11.3.2 Memntun

Í þessum undirkafla verður litið á sömu atriði og voru til skoðunar í kaflanum um tengsl við aldur (þ.e. 11.3.1). Við byrjum á **notkun framsöguháttar í fallsetningum** þar sem búist var við viðtengingarhætti og skoðum yfirlitið í *töflu 11.19*:

Númer	Setning	grsk	frhsk	hásk	r	p
a. T2023	Sigrún segir að þú hefur aldrei komið í heimsókn.	19,8	17,4	11,4	.112	.017
b. T2043	Hún hélt að hann var ekki heima.	16,8	14,3	13,3	.026	.583
c. T1083	Spurðu Nonna hvort hann kemur með.	41,2	32,7	38,2	.035	.410
d. T2093	Hann spyr hvort hann á að kaupa eitthvað.	13,0	10,1	10,0	.060	.203

Tafla 11.19: *Jákvætt mat á fallsetningum með (nýjum) framsöguhátti, flokkað eftir menntun þátttakenda. Yngsta aldurshóp sleppt.*

Hér hefur yngsta aldurshópnum verið sleppt úr vegna þess að annars myndi aldur þátttakenda hafa óeðlilega mikil áhrif á menntunarbreytuna (það leiðir af sjálfu sér að yngsti aldurshópurinn hefur aðeins grunnskólamentun). En þótt þessi dæmi fái besta dóma hjá þeim hópi þátttakenda sem minnsta menntun hefur er munur á mati hópanna yfirleitt lítill og fylgnin hvergi tölfræðilega marktæk nema í fyrsta tilvikinu þar sem hún nær lægstu viðmiðunarmörkum ($p \leq 0,05$).

Litum næst á **framsöguhátt í atvikssetningum** tengdum með þótt og nema. Mat á slíkum setningum, flokkað eftir menntun þátttakenda, er sýnt í *töflu 11.20* og þar hefur yngsta aldurshópnum verið sleppt úr eins og áður:

Númer	Setning	grsk	frhsk	hásk	r	p
a. T1021	Við spilum þótt það hefur rignt dálítið í nótt.	19,6	18,4	11,8	.058	.178
b. T2004	Hann ætlar samt í ferðalagið þótt hann er enn mjög slappur.	23,8	15,4	13,2	.067	.150
c. T2014	Þótt þeir hafa ekki unnið marga leiki eru þeir ekki í fallsæti.	59,5	51,8	35,6	.174	.000
d. T2024	Þeir eru efstir þótt þeir hafa misst marga leikmenn.	56,9	51,8	47,8	.087	.059
e. T2034	Hún ætlar að hætta nema hún fær kauphækkun.	10,8	8,8	12,2	.038	.407

Tafla 11.20: *Jákvætt mat á atvikssetningum með (nýjum) framsöguhátti, flokkað eftir menntun. Yngsta aldurshóp sleppt.*

Hér eru niðurstöður fyrir framsöguhátt í atvikssetningum á eftir þótt svipaðar niðurstöðunum fyrir fallsetningarnar: Þeir sem minnsta menntun hafa eru líklegastir til að samþykkja þessar setningar, en munurinn á hópunum er yfirleitt ekki mikill og ekki tölfræðilega marktækur nema í *c*-dæminu. Reyndar skera dæmin tvö með *hafa* (*c* og *d*) sig svolítið úr því þau hljóta talsverða viðurkenningu frá þátttakendum úr öllum hópum. Dæmið með framsöguhátti á eftir *nema* fær hins vegar einna besta dóma hjá þeim sem hafa mesta menntun þótt þar sé reyndar ekki um neina marktæka fylgni að ræða.⁹

Í *töflu 11.21* er svo gefið yfirlit yfir mat á setningum í **viðtengingarhátti á eftir ef** flokkað eftir menntun þátttakenda:

⁹ Vegna þess að fylgnitölurnar miðast við alla dómana, þ.e. líka hversu margir töldu setningarnar vafasamar eða ótækar en ekki bara hversu margir töldu þær eðlilegt mál, er fylgnistudullinn jákvæður hér eins og í öðrum tilvikum þótt fleiri úr hóp þeirra mest menntuðu hafi talið dæmið eðlilegt mál en þeir sem komu úr hópnum með minnsta menntun.

Númer	Setning	grsk	frhsk	hásk	r	p
a. T1067	Á hann að kaupa eitthvað annað ef það sé ekki til?	30,6	24,0	13,2	.120	.005
b. T1091	Við förum með ef það hafi stytt upp.	6,6	1,4	3,9	.144	.001
c. T2103	Á ég að hjálpa þeim ef þeir séu ekki búnir.	13,8	16,0	11,1	.083	.072

Tafla 11.21: *Jákvætt mat á atvikssetningum með ef þar sem búið var við framsöguhátt, flokkað eftir menntun. Yngsta aldurshóp sleppt.*

Í fyrri dæmunum tveim er fylgni við menntun tölfræðilega marktæk þótt hún sé veik (þeir sem minnsta menntun hafa eru líklegastir til að samþykkja setningarnar) en í síðasta dæminu er ekki um marktæka fylgni að ræða og þar er það reyndar miðhópurinn sem er einna líklegastur til að telja dæmið eðlilegt mál.

Loks má skoða mat á **tíða(ó)samræmi** frá þessu sjónarhorni, en í töflu 11.22 er það flokkað eftir menntun þátttakenda:

Númer	Setning	grsk	frhsk	hásk	r	p
T2073	Mamma hans hélt að hann hafi farið í bíó.	47,3	39,3	22,2	.168	.000

Tafla 11.22: *Jákvætt mat á fallsetningu í viðtengingarhátt án tíðasamræmis, flokkað eftir menntun. Yngsta aldurshóp sleppt.*

Hér er mjög marktæk fylgni við menntun þótt hún sé frekar veik.

Almenna niðurstaðan verður þá sú að fylgni milli menntunar og þeirra breyta sem hér eru til skoðunar sé hvergi sterk og aðeins í fáum tilvikum tölfræðilega marktæk. Í flestum tilvikum er sá hópur sem minnsta menntun hefur þó líklegastur til að telja dæmin eðlilegt mál, hvort sem um er að ræða notkun framsöguháttar fyrir viðtengingarhátt, viðtengingarháttar fyrir framsöguhátt eða skort á tíðasamræmi.

11.3.3 Kyn

Skoðum þá næst hvort einhver fylgni er á milli kyns þátttakenda og þess hvaða mat þeir leggja á þau dæmi sem hér eru á dagskrá og lítum fyrst á **framsöguhátt í fallsetningum** þar sem viðtengingarháttar væri að vænta. Yfirlit er gefið í töflu 11.23:

Númer	Setning	kk	kvk	r	p
a. T2023	Sigrún segir að þú hefur aldrei komið í heimsókn.	31,0	22,3	.107	.003
b. T2043	Hún hélt að hann var ekki heima.	19,0	17,9	.007	.842
c. T1083	Spurðu Nonna hvort hann kemur með.	48,0	36,7	.121	.001
d. T2093	Hann spyr hvort hann á að kaupa eitthvað.	17,2	14,5	.050	.173

Tafla 11.23: *Jákvætt mat á fallsetningum með (nýjum) framsöguhátt, flokkað eftir kyni þátttakenda.*

Eins og stundum áður eru karlarnir frekar líklegri til þess að samþykkja nýjungarnar en konurnar og í tveim tilvikum (*a-* og *c*-dæmið) er fylgnin við kyn tölfræðilega marktæk þótt hún sé hvergi sterk. Í ljósi þessa kemur svolítið á óvart að fylgnin er í raun ekki mælanleg þegar *b*-dæmið á í hlut.

Aldursflokkad yfirlit yfir mat á **framsöguhátt í atvikssetningum** á eftir þótt og nema er sýnt í töflu 11.24:

Númer	Setning	kk	kvk	r	p
a. T1021	Við spilum þótt það hefur rignt dálítið í nótt.	28,3	23,3	.085	.018
b. T2004	Hann ætlar samt í ferðalagið þótt hann er enn mjög slappur.	22,3	22,6	-.024	.517
c. T2014	Þótt þeir hafa ekki unnið marga leiki eru þeir ekki í fallsæti.	60,9	52,3	.090	.014
d. T2024	Þeir eru efstir þótt þeir hafa misst marga leikmenn.	61,9	53,8	.077	.036
e. T2034	Hún ætlar að hætta nema hún fær kauphækkun.	16,7	12,1	.072	.049

Tafla 11.24: *Jákvætt mat á atvikssetningum með (nýjum) framsöguhætti, flokkað eftir kyni.*

Hér eru karlarnir sömuleiðis heldur líklegri en konurnar til að telja dæmin eðlilegt mál nema þegar *b*-dæmið á í hlut. Fylgni við kyn er þó alls staðar veik þótt hún nái því að vera tölfræðilega marktæk við $p \leq 0,05$ markið í flestum tilvikum.

Tafla 11.25 sýnir yfirlit yfir **viðtengingarhátt í skilyrðissetningum**, flokkað eftir kyni:

Númer	Setning	kk	kvk	r	p
a. T1067	Á hann að kaupa eitthvað annað ef það sé ekki til?	32,7	27,7	.072	.046
b. T1091	Við förum með ef það hafi styt upp.	8,4	6,7	.056	.119
c. T2103	Á ég að hjálpa þeim ef þeir séu ekki búnir.	18,8	15,3	.067	.068

Tafla 11.25: *Jákvætt mat á atvikssetningum með ef þar sem búist var við framsöguhætti, flokkað eftir kyni.*

Hér er sáralítill munur á kynjunum og yfirleitt ekki tölfræðilega marktækur (þó reyndar við $p \leq 0,05$ markið í *a*-dæminu) þótt hann sé í sömu átt og í dæmunum hér á undan (karlar heldur líklegri en konur til að telja dæmin eðlilegt mál).

Í töflu 11.26 er loks sýnt mat kynjanna á dæminu þar sem búist var við **tiðasamræmi** í fallsetningu en það var ekki fyrir hendi:

Númer	Setning	kk	kvk	r	p
T2073	Mamma hans hélt að hann hafi farið í bíó.	50,0	39,7	.090	.013

Tafla 11.26 *Jákvætt mat á fallsetningu í viðtengingarhætti án tíðasamræmis, flokkað eftir kyni.*

Hér er munur kynjanna heldur meiri en í flestum dæmunum hér á undan og fylgnin er marktæk við $p \leq 0,05$ markið þótt hún sé veik.

Í heild verður því að telja að þau atriði sem hér eru til skoðunar sýni ekki mikla fylgni við kyn þótt hún sé yfirleitt á sama veg (karlar líklegri en konur til að telja dæmin eðlilegt mál) og í einstaka tilvikum tölfræðilega marktæk.

11.3.4 Samantekt

Í þessum kafla var skoðað hvort þau frávik frá hefðinni sem hér voru á dagskrá hefðu marktæk tengsl við félagslegar breytur. Helstu niðurstöður má draga saman eins og hér er sýnt:

- Mat á dæmum með framsöguhætti í stað viðtengingarháttar í fallsetningum sýnir mjög vel marktæka fylgni við aldur: Yngra fólkið er jákvæðara gagnvart þessum dæmum (tafla 11.15 og mynd 11.1).
- Svipað verður uppi á teningnum þegar lítið er á atvikssetningar (tengdar með þótt og nema) með framsöguhætti í stað hefðbundins viðtengingarháttar. Þær fá líka besta dóma hjá yngri þátttakendum.
- Aftur á móti eru það frekar þeir yngri sem telja viðtengingarhátt í *ef*-setningum (skilyrðissetningum) eðlilegt mál þótt allmargir af þeim eldri sætti sig líka við *ef það sé* (tafla 11.17).
- Það eru líka einkum þeir yngri sem sætta sig við tíðaósamræmi milli móðursetningar og skýringarsetningar í viðtengingarhætti (tafla 11.18).
- Yfirleitt virðast lítil tengsl á milli dóma og menntunar. Þó eru þeir sem minni menntun hafa nokkru líklegri en hinir til að sætta sig við viðtengingarhátt í *ef*-setningum og tíðaósamræmi (töflur 11.21 og 11.22).
- Karlar eru oft heldur líklegri til þess en konur að sætta sig við þau frávik frá hefðinni sem hér hafa verið til skoðunar og í sumum tilvikum er tölfræðilega marktækur munur á dómum kynjanna (sjá t.d. töflu 11.23).

11.4 Tengsl við búsetu

Í lokin verður svo skoðað hvort einhver marktækur munur er á afstöðu þátttakenda í ólíkum landshlutum eða mismunandi stöðum til þeirra setningagerða sem hér eru á dagskrá. Við litum fyrst á **framsöguhátt í fallsetningum**:

Númer	Setning	Rvk	Rnes	Suð	Aust	NE	NV	Vfir	Vlan
a. T2023	Sigrún segir að þú hefur aldrei komið í heimsókn.	28,4	39,7	31,2	21,1	16,5	26,3	25,0	26,9
b. T2043	Hún hélt að hann var ekki heima.	17,3	20,3	23,4	11,5	19,3	18,3	10,5	19,4
c. T1083	Spurðu Nonna hvort hann kemur með.	46,8	50,0	46,8	36,8	36,6	44,6	51,7	36,6
d. T2093	Hann spyr hvort hann á að kaupa eitthvað.	16,0	19,2	13,5	10,3	13,3	24,4	15,8	17,2

Tafla 11.27: *Jákvætt mat á fallsetningum með (nýjum) framsöguhætti, flokkað eftir landshlutum.*

Hér kemur engin skýr mynd fram. Reyndar er tölfræðilega marktækur munur á landshlutunum í *a*-dæminu, en sé lítið á alla töfluna sést að það er mismunandi frá einu dæmi til annars hvar flesta þátttakendur er að finna sem telja dæmin eðlilegt mál svo það er lítið á því að byggja.¹⁰

Svipað verður uppi á teningnum ef lítið er á dæmi með **framsöguhætti í atvikssetningum** á eftir *þótt* og *nema* eins og sjá má af töflu 11.28:

¹⁰ Mat setninganna í einstökum landshlutum var borið saman með kí-kvaðrataðferðinni.

Númer	Setning	Rvk	Rnes	Suð	Aust	NE	NV	Vfir	Vlan
a. T1021	Við spilum þótt það hefur rignt dálítið í nótt.	27,0	29,6	26,1	29,8	21,6	26,5	28,8	22,1
b. T2004	Hann ætlar samt í ferðalagið þótt hann er enn mjög slappur.	20,0	23,6	24,2	16,7	20,1	29,3	31,6	17,2
c. T2014	Þótt þeir hafa ekki unnið marga leiki eru þeir ekki í fallsæti.	47,5	51,4	62,7	52,6	50,8	59,8	61,4	63,4
d. T2024	Þeir eru efstir þótt þeir hafa misst marga leikmenn.	51,9	65,8	58,1	50,6	57,9	70,0	50,0	55,9
e. T2034	Hún ætlar að hætta nema hún fær kauphækkun.	6,2	23,3	18,7	9,0	13,3	17,3	14,3	10,8

Tafla 11.28: *Jákvætt mat á atvikssetningum með (nýjum) framsöguhátt, flokkað eftir landshlutum.*

Hér kemur ekki heldur fram skýr landshlutun heldur sveiflast það talsvert til og frá hvar setningarnar fá besta dóma. Þess vegna er lítið mark takandi á því þótt munurinn nái tölfræðilegu lágmarksviðmiði fyrir einhver dæmi.

Mat á **viðtengingarhátt** í **skilyrðissetningum** á eftir *ef*, flokkað eftir landshlutum, er sýnt í *töflu 11.29*:

Númer	Setning	Rvk	Rnes	Suð	Aust	NE	NV	Vfir	Vlan
a. T1067	Á hann að kaupa eitthvað annað ef það sé ekki til?	23,4	48,1	36,0	23,6	22,4	36,1	37,9	30,1
b. T1091	Við förum með ef það hafi stýtt upp.	3,6	14,8	9,9	7,5	4,5	11,0	6,8	7,1
c. T2103	Á ég að hjálpa þeim ef þeir séu ekki búnir.	15,0	16,7	21,9	11,5	9,6	22,0	26,3	16,1

Tafla 11.29: *Jákvætt mat á atvikssetningum með ef þar sem búist var við framsöguhátt, flokkað eftir landshlutum.*

Hér er heldur meiri munur á landshlutunum en áður en sveiflast samt talsvert til svo það er ekki alveg ljóst hvernig eigi að túlka þetta.

Að síðustu er gefið yfirlit í *töflu 11.30* yfir mat á dæminu án tíðasamræmis í fallsetningu í viðtengingarhátt:

Númer	Setning	Rvk	Rnes	Suð	Aust	NE	NV	Vfir	Vlan
T2073	Mamma hans hélt að hann hafi farið í bíó.	35,8	47,9	47,1	41,0	38,1	54,3	43,9	51,1

Tafla 11.30: *Jákvætt mat á fallsetningu í viðtengingarhátt án tíðasamræmis, flokkað eftir landshlutum.*

Hér má eins og oft áður greina nokkurn mun á landshlutum en hann er yfirleitt ekki tölfræðilega marktækur.

Almenna niðurstaðan verður þá sú að yfirleitt sé ekki hægt að greina skýrar línur þegar mat þessara dæma í einstökum landshlutum er borið saman. Fyrir einstök dæmi kemur stundum fram tölfræðilega marktækur munur en hann er ekki stöðugur frá einu dæmi til annars. Þó má greina að flest þeirra óhefðbundnu dæma sem hér er verið að skoða fá tiltölulega dræmar undirtektir í Reykjavík og á Norðurlandi eystra.

11.5 Lokaorð

Í þessum kafla var einkum rætt um dreifingu viðtengingarháttar og framsöguháttar í aukasetningum, en einnig var litið stuttlega á tíðasamræmi þar sem það tengist viðtengingarhátti. Ástæðan fyrir því að rétt þótti að skoða þessi atriði var ekki sist sú að heyrst höfðu raddir um að viðtengingarháttur væri að hverfa úr setningagerðum þar sem hann hefur verið talinn hefðbundinn. Helstu atriði má draga saman á þessa leið:

- Þar sem viðtengingarháttur var að vænta samkvæmt hefðinni fékk hann betri dóma en framsöguháttur. Þetta á bæði við um fallsetningar (t.d. á eftir sögnum eins og *segja* og *halda*) og eins um atvikssetningar þar sem tengingin hefur kallað á viðtengingarhátt (*þótt* og *nema*). Meiri tilbrigði voru í *hvort*-setningum, eins og vænta mátti.
- Í *ef*-setningum fékk hinn hefðbundni framsöguháttur líka betri dóma en viðtengingarháttur þótt allmargir sættu sig þar við viðtengingarhátt af sögninni *vera* (t.d. *ef það sé*).
- Dómar um ósamræmi í tíð voru jákvæðari en búist var við.
- Í flestum þeim frávikum frá hefðinni sem hér voru skoðuð var marktækur munur á aldurshópunum á þann veg að þeir yngri voru líklegri til að víkja frá hefðinni.
- Nokkrar vísbendingar voru um að fólk með minni menntun væri jákvæðara en aðrir gagnvart þessum frávikum og eins voru karlar oftast jákvæðari en konur. Í sumum tilvikum var þessi munur tölfræðilega marktækur.
- Ekki kom fram skýr munur eftir landshlutum á dómum þátttakenda. Þó voru þátttakendur úr Reykjavík og Norðurlandi eystra oftast ekki neikvæðari en aðrir gagnvart frávikum frá hefðinni.

Fróðlegt væri að skoða nánar margt af því sem hér hefur verið á dagskrá og sumt af því er tekið til nánari athugunar í 21. kafla og ritum sem þar er vísað til.

Rit sem vísað er til í þessum kafla

- Eiríkur Rögnvaldsson. 2005. Setningafræðilegar breytingar í íslensku. *Setningar. Handbók um setningafræði*, bls. 602–635. Ritstjóri og aðalhöfundur Höskuldur Þráinsson. Íslensk tunga III. Almenna bókafélagið, Reykjavík.
- Guðrún Þórðardóttir. 2006. Er notkun viðtengingarháttar að breytast? *Íslenskt mál* 28:57–77.
- Guðrún Þórðardóttir. 2012. *Viðtengingarháttur í sókn*. Um breytingar á háttanotkun í spurnarsetningum í nútíð með tengingunni *hvort*. MA-ritgerð, Háskóla Íslands, Reykjavík.
- Halldór Ármann Sigurðsson. 1990. Long Distance Reflexives and Moods in Icelandic. Joan Maling og Annie Zaenen (ritstj.): *Modern Icelandic Syntax*, bls. 309–346. Syntax and Semantics 24. Academic Press, San Diego.
- Höskuldur Þráinsson. 2005. *Setningar. Handbók um setningafræði*. Ritstjóri og aðalhöfundur Höskuldur Þráinsson. Meðhöfundar Eiríkur Rögnvaldsson, Jóhannes Gísli Jónsson, Sigríður Magnúsdóttir, Sigríður Sigurjónsdóttir og Þórunn Blöndal. Íslensk tunga III. Almenna bókafélagið, Reykjavík.

- Höskuldur Þráinsson, Ásta Svavarsdóttir, Eiríkur Rögnvaldsson, Jóhannes Gísli Jónsson, Sigríður Sigurjónsdóttir og Þórunn Blöndal. 2013. Hvert stefnir í íslenskri setningagerð? Um samtímalegar kannanir og málbreytingar. *Íslenskt mál* 35:57–127.
- Jakob Jóh. Smári. 1920. *Íslensk setningafræði*. Bókaverzlun Ársæls Árnasonar, Reykjavík. [Endurprentuð 1987 og gefin út hjá Málvísindastofnun Háskóla Íslands, Reykjavík.]
- Kristján Árnason. 1981. Um merkingu viðtengingarháttar í íslensku. *Afmælistveðja til Halldórs Halldórssonar*, bls. 154–172. Íslenska málfræðifélagið, Reykjavík.
- Snorra Edda* 1996 = *Edda Snorra Sturlusonar*. Heimir Pálsson bjó til prentunar. Mál og menning, Reykjavík.

SUMMARY

This chapter contains a report on variation in mood selection in embedded clauses, together with a brief study of tense agreement in subjunctive clauses.

Since it has sometimes been claimed that the Icelandic subjunctive is disappearing as a productive grammatical category (as it has in the neighboring languages, even Faroese), we decided to study its distribution. As in most of our investigation, our main method involved grammaticality (or acceptability) judgments. In this case, however, it was complemented rather extensively by tasks where the subjects had to choose between indicative and subjunctive forms. The main environments were the following:

- Complement clauses introduced by *að* ‘that’, following verbs like *segja* ‘say’ and *halda* ‘believe’.
- Adverbial clauses following the conjunctions *þótt* ‘although’ and *nema* ‘unless’.
- Indirect questions introduced by *hvort* ‘whether’.
- Adverbial clauses introduced by *ef* ‘if’.

While the subjunctive has been the rule in the first two environments, there has always been variation in the third environment and it seems, in fact, that here the subjunctive has been on the rise for quite some time (see e.g. Guðrún Þórðardóttir 2006, 2012 and the discussion in chapter 21 of this work). The indicative is the accepted choice in ‘if’-clauses, but many speakers have been known to use the subjunctive in this environment, especially of the verb ‘be’.

Although it turned out that the younger generations were significantly more likely than the older ones to accept the indicative in the environments where the subjunctive has been the traditional choice, our results do not confirm the claim that the subjunctive is disappearing. The main points can be summarized as follows:

- Most speakers find the subjunctive natural in complement clauses after ‘say’ and ‘believe’ and they also select the subjunctive over the indicative in such environments. Nevertheless, a considerable number of speakers (sometimes over 25% of the subjects) find the (non-traditional) indicative also acceptable in this context (*tables 11.1 and 11.2*).
- In adverbial clauses following ‘although’ and ‘unless’, most speakers find the subjunctive natural and pick it over the indicative in such environments. Nevertheless, a number of speakers find the indicative also acceptable in such clauses (*tables 11.6 and 11.8*).

- There is considerable variation in the ‘whether’-clauses, as has been established in other studies (see also the discussion in chapter 21).
- Most speakers find the traditional indicative natural in ‘if’-clauses and select it over the subjunctive in that environment. Despite this, many speakers also accept the subjunctive in this context, especially if the verb ‘be’ is involved (up to 30% of the subjects, cf. *table 11.10*).
- Quite a number of speakers accepted examples without tense agreement where the agreement variant would have been the traditional choice — and in fact the one that is more generally accepted (*tables 11.13* and *11.14*).
- Although the younger generations accepted the traditional variants as a rule, they were significantly more likely than the older generations to accept the non-traditional variants under discussion. These included:
 - indicative instead of subjunctive in ‘that’-clauses after ‘say’ and ‘believe’ (*table 11.15, figure 11.1*)
 - indicative instead of subjunctive in adverbial clauses after ‘although’ and ‘unless’ (*table 11.16, figure 11.2*)
 - subjunctive (especially of ‘be’) in ‘if’-clauses (*table 11.17*)
 - lack of tense agreement in a subjunctive clause (*table 11.18*)
- In general no significant correlations were found between the speakers’ judgments and their **education, gender or geographical location**.